

Heit og ljúffeng

PIZZA

HAMRABORG

Hafnarstræti 7 • 456 3166

Nýtt og öflugt
verkfæri
til íbúðakaupa

• Greiðslumat á netinu
• Lánsumsókn á netinu

Íbúðalán.is
www.ibudalan.is

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Veffang: www.bb.is • Verð kr. 300 m/vsk

Miðvikudagur 24. maí 2006 • 21. tbl. • 23. árg.



Gerður Eðvarðsdóttir starfsmaður Glitnis, Hallgrímur Magnús Sigurjónsson útibússtjóri Glitnis á Ísafirði, Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar og formaður atvinnumálanefndar og Kristján G. Jóhannsson varaformaður atvinnumálanefndar.

Glitnir hf. frumkvöðull ársins 2005

Glitnir hf., fékk um helgina frumkvöðlaviðurkenningu atvinnumálanefndar Ísafjarðarbæjar. Margir komu til greina til að hljóta viðurkenninguna en nefndin var samröma í vali sínu á Glitni.

Ástæða þess að tilefni þótti til að veita Glitni viðurkenninguna er sú að fyrirtækið ákvað snemma á síðasta ári að flytja símaborð fyrir alla

starfsemi sína á Íslandi til Ísafjarðar. Til að byrja með unnu fjórir starfsmenn við símaborðið en þeim fjölgaði fljótlega í átta. Símborðið er nú í 108 m² húsnæði að Hafnarstræti 9 og þar starfa tíu manns en aðstaða er fyrir allt að 22 starfsmenn. Þá var símborðið sameinað þjónustuveri bankans og við það jukust menntunarkröfur sem gerðar eru til

starfsfólks þess.

Atvinnumálanefnd telur að með þessum ákvörðunum og framkvæmdum hafi Glitnir sýnt aðdánarvert frumkvæði og skapað verðmæt störf í Ísafjarðarbæ. Glitnir hlaut í viðurkenningaskyni listaverkið Virðisaukann eftir Pétur Tryggvason silfursmíð á Ísafirði til varðveislu í eitt ár og skjal til eignar.

Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar og formaður atvinnumálanefndar afhenti viðurkenninguna og Kristján G. Jóhannsson varaformaður nefndarinnar flutti ræðu þar sem hann sagði m.a. um viðurkenninguna: „Hún er ætluð sem hvatning til handa þeim, sem sýna frumkvæði í málum er varða bæjarfélagið og samborgarana. Við ákvörð-

un um hver skuli hljóta viðurkenninguna er einkum tekið tillit til framlags til aukningar á atvinnu eða menntun, til meiri fjölbreytni í atvinnu, menntun eða afþreyingu, til aukins sýnileika bæjarfélagsins á landsvísi, eða sérstaks árangurs eða framtaks á sviði þróunar vöru, þjónustu og markaðssetningu“.

– gudrun@bb.is

Heildartekjur Súðavíkurhrepps 152,5 milljónir

Ársreikningur Súðavíkurhrepps og stofnana hans fyrir síðasta ár var lagður fram til fyrri umræðu á sveitarstjórnarfundum hreppsins á fimmtudag. Niðurstöður reikningsins eru þær að heildartekjur A og B hluta Súðavíkurhrepps og stofnana hans, fyrir afskriftir, fjármagnsliði og óreglulega liði, voru 152,5 milljónir kr. og heildargjöld voru 128,9 milljónir kr. Fjármagnstekjur umfram fjármagnsgjöld námu 4,5 milljónum kr. og afskriftir voru 10,9 milljónir kr. Hagn-

aður af sölu íbúða í félagslega kerfinu var 20,7 milljónir kr.

Rekstrarniðurstaða samstæðunnar þegar búið er að taka tillit til fjármagnsliða, afskrifta og óreglulegra liða er því 17,2 milljónir kr. Veltufé frá rekstri var 12,7 milljónir kr. Eigið fé sveitarfélagsins í lok síðasta árs var 614,9 milljónir kr. en eigið fé A hluta var 633,4 milljónir kr. Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða og vísað til seinni umræðu.

– gudrun@bb.is



Súðavík.

Nýtt
símanúmer
Landsbankans
á Ísafirði
er

410 4156

Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018

Samkaup úrval

OPIÐ:
virka daga
kl. 09 - 21
laugard. 10-21
sunnud.
kl. 12 - 21
Verið
velkomin!

Samkaup úrval

NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

„ÁHYGGJULAUS“
ALLT UM FLUTNINGA INNANLANDS – EITT NÚMER

EIMSKIP | Konguráttum 2 | 104 Reykjavík | www.eimskip.is

VIÐSKIPTA
ÞJÓNUSTA
EIMSKIPS
525 7800

Stígur Berg er Glímukóngur Vestfjarða

Keppt var um Vestfjarðabeltið í glímu sl. laugardag í fyrsta sinn eftir 73 ára hlé. Sá sem sigraði og hlaut beltið góða og titilinn Glímukóngur Vestfjarða var Stígur Berg Sophusson í Herði með 6½ vinning og er hann sjöundi handhafi beltsins frá upphafi. Í öðru sæti var Brynjólfur Örn Rúnarsson með 5½ vinning og Daníel Þór Þorsteinsson var í því þriðja með 5 vinninga. Vestfjarðabeltið er æglingur.



Magni Annýjarson fékk fegurðarskjöldinn í glímunni um Vestfjarðabeltið.

fögur silfursmíð Helga Sigurgeirssonar gullsmíðs frá því um 1920. Sá sem hlaut beltið síðast, árið 1933, var Bolvíkingurinn Gísli Kristjánsson.

Í tengslum við keppnina um Vestfjarðabeltið var haldið minningarmót um Guðna Albert Guðnason frá Suðureyri sem var mikill glímukappi á fyrri hluta síðustu aldar. Guðni hlaut nafnbótina „kóngabani“ eftir að hafa felld glímukónga Íslands tvö ár í röð í Íslandsglímunni og var ávallt þekktur undir því nafni síðan. Afkomendur hans vilja minnast Guðna með því að gefa glæsileg verðlaun og farandbikar sem keppt verður um árlega. Pétur Eyþórsson varð fyrstur til að sigra á minningarmótinu og hljóta farandbikarinn um helgina en hann var með 6½ vinning. Jón Birgir Valsson var í öðru sæti með 6 vinninga og Lárus Kjartansson í þriðja sæti með 5½ vinning.

Aðeins var keppt í einum flokki en vanalega er skipt í flokka eftir þyngd, þ.e. þá 85 kg og þyngri, og léttari en 85 kg. Ef svo hefði verið hefðu úrslit verið á þá leið í léttari flokknum að í fyrsta sæti hefði



Stígur Berg Sophusson Glímukóngur Vestfjarða með bikara sem fylgja titlinum.

verið Pétur Eyþórsson, Magni Annýjarson í öðru og Brynjólfur Örn Rúnarsson í því þriðja. Í þyngri flokknum hefði Jón Birgir Valsson verið í fyrsta sæti, Lárus Kjartansson í öðru og Stígur Berg Sophusson í því þriðja.

Þá var einnig keppt um fegurðarskið fyrir fallægustu glímuna og sá er hlaut slíkan í glímunni um Vestfjarðabeltið var Magni Annýjarson en Pétur Eyþórsson fékk hann í opnum flokki á minningarmótinu. Dómarar mótnanna voru Hörður Gunnarsson, Lárus Kjartansson, Marínó Há-

konarson, Rúnar Brynjólfsson og Rögnvaldur Ólafsson. Keppendur kusu fegurstu glímuna. Þau félög sem létu gera Vestfjarðabeltið og stóðu nú að endurvakningu glímunnar eru; Ungmennafélag Bolungarvíkur, Ungmennafélagið

Próttur í Hnífsdal en arftaki þess er félagið Reynir í Hnífsdal, íþróttafélagið Stefnir á Suðureyri og ungmenntafélagið Árvakur á Ísafirði sem hætti starfsemi sinni um 1940 en þá tók knattspyrnufélagið Hörður við glímubjálfun á Ísafirði.

– gudrun@bb.is

Ólína fær áfram full laun skólameistara

Ólína Þorvarðardóttir sem lætur af störfum skólameistara Menntaskólans á Ísafirði 31. júlí nk. fær full laun skólameistara í þrjú ár eftir að starfi hennar lýkur að því er kemur fram á mannlíf.is. Hún mun hafa gert samkomulag um þetta við Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra í febrúar sl. Fram kemur á mannlíf.is að samkomulagið sé í tveimur hlutum, þar segir:

„Annars vegar er samið um starfslokin við Menntaskólann á Ísafirði sem færir skólameistara árslaun. Hins vegar er samkomulag sem gerir ráð fyrir að Ólína tækist á hendur óljós sérverkefni



fyrir Háskóla Íslands tengdum fræðasetrum víða um land, meðal annars á Ísafirði.“ Þá kemur fram að hún muni hafa búsetu á Ísafirði en starfsaðstöðu í Reykjavík.

– gudrun@bb.is

Nýjungar hjá Vinnuskólanum

Undirbúningur Vinnuskóla Ísafjarðarbæjar er kominn á fullt skrið, enda farið að styttest í að starfið hefjist. Fyrsti vinnudagurinn verður 6. júní en flokkstjórar munu hefja störf nokkrum dögum fyrir. Enn er þó verið að leita að fólki í flokkstjórastörf, þá sérstaklega á Þingeyri og Suðureyri. Í starfinu í Vinnuskólanum í sumar og verður bryddað upp á ýmsum nýjungum.

Þar má nefna að dagana

12.-16. júní verða haldnir Umhverfis dagar í samvinnu við Tæknideild Ísafjarðarbæjar. Þá fer allur Vinnuskólaskarinn í hvern kjarna í Ísafjarðarbæjar og tekur viðkomandi kjarna í gegn. Hugmyndin er að hvetja alla íbúa Ísafjarðarbæjar til að taka þátt í hreinsuninni með því að gera umhverfi heimila sinna og fyrirtækja snyrtilegt á sama tíma og Vinnuskólinn er á svæðinu.

– thelma@bb.is

Harðfiskur og steinbítiskinnar

Lionsklúbbur Ísafjarðar hefur lengi nýtt afrakstur vinnu félaga sinna til að láta gott af sér leiða. Á síðastliðnum vetri gaf klúbburinn hálfa milljón til kaupa á sneiðmyndataeki við Fjórðungs-sjúkrahúsið á Ísafirði. Nú er í annað sinn að hefjast heimsáttak til að berjast gegn blindu í heiminum. Í fyrra áttakinu á árunum 1991-1994 var safnað

yfir eitt hundrað og fjórtíu milljörðum króna á heimsvísu í verkefnið. Nú er ætlað að bæta um betur og fara yfir eitt hundrað og sextíu milljarða.

Í síðasta heimsáttaki safnaði Lionsklúbbur Ísafjarðar um fjórtán hundruð þúsundum á núvirdi með Lionsklúbbum á Suðureyri, Flateyri og Bolungarvík. Var þetta þá hæsta framlag á félaga í íslensku

lionshreyfingunni. Lionsklúbbur Ísafjarðar hyggst eins og oftast áður nýta kosningadaginn til að bjóða Ísfirðingum úrvals vöru til sölu. Er þetta nýverkaður harðfiskur úr hjalli Lions í Arnardal, lausfrystar, ljúffengar steinbítiskinnar og einnig á klúbburinn gömsæt kæst skötuborð fyrir þá sem vilja fá gott krydd í grillveislur sumarsins.

Allt þetta er boðið á samkeppnishæfu verði, því vinna Lionsmanna er framlag þeirra til gera þeim lífið bærilegra sem þurfa á hjálp okkar að halda sem heilbrigð erum. „Við hvetjum Ísfirðinga því til að slá tær flugur í einu höggi að leggja góðu máli lið og kaupa sér góðan og hollan mat á kosningahelginni“, segir í frétt frá Lions.

Menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar

Fjórtán aðilar fengu styrki

Menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar hefur úthlutað styrkjum fyrir árið 2006 og voru 14 styrkir veittir að þessu sinni en 21 umsókn um styrkveitingu barst. Ein umsókn biður enn afgreiðslu. Menningarmiðstöðin Edinborg,

Kómedíuleikhúsið, Myndlistarfélag Ísafjarðar og Leikfélagið Hallvarður Sógandi fengu 150.000 krónur hvert.

Gospelkór Vestfjarða, Karlakórinn Ernir, Pétur Tryggvi Hjálmarsson, Sól-

risuhátíð Mí og Sunnukórinn fengu 100.000 krónur hvert. Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra og Þróstur Jóhannesson fengu 50.000 krónur hvort, og Rótahátíð og Ferðapjónustan Kirkjubóli í Bjarnadal fengu 20.000 krónur hvort.

Afgreiðslu umsóknar vegna tónlistarhátíðarinnar Við Djúpið hefur verið frestað þar til upplýsingar um hvort Ísafjarðarbær komi á einhvern annan hátt að atburðinum liggja fyrir.

– gudrun@bb.is



Vel var mætt á fundinn sem haldinn var í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði.

Vel mætt á kynningarfund um nýja líkamsræktarmiðstöð á Torfnesi

Kynningarfundur um fyrirhugaða byggingu nýrrar sundlaugar og líkamsræktarmiðstöðvar á Ísafirði var haldinn í Stjórnsýsluhúsinu á sunnudag, og að sögn Sævars Óla Hjörvarssonar hjá Heilsuefningu var mæting á fundinn góð. „Þetta gekk mjög vel hjá okkur“, segir Sævar. „Ætli það hafi ekki verið um 70-80 manns.“ Heilsuefning hefur hvatt til þess að byggð verði 25 m löng sundlaug ásamt líkamsræktaraðstöðu á Ísafirði, en samkvæmt könnun meðal íbúa Ísafjarðarbæjar sem Heilsuefning stóð fyrir vorið 2005 víldu 74,2% íbúa fá nýja 25 metra sundlaug.

Bæjarstjórn hefur gefið villrði sitt fyrir leigu og notkun sundlaugarinnar og mögulegrar samnýtingar með íþróttahúsinu. Hugmyndir ganga út á að miðstöðin verði byggð í

einkaframkvæmd, en fyrirfram verði gerður leigusamningur við aðila sem hefðu hug á að nýta sér aðstöðuna og þannig tryggður hluti þeirra tekna sem miðstöðin þarf að hafa. Til að tryggja sem besta aðstöðu og öryggi í rekstri er sú hugmynd að stofna almenningshlutafélag um rekstur miðstöðvarinnar. Byggingu sundlaugarinnar og miðstöðvarinnar gæti verið lokið haustið 2007 ef allt gengur eftir.

Í miðstöðinni yrði meðal annars 25 metra löng innisundlaug, minni vaðpollur, heitir pottar og lítil útisundlaug. Á efri hæð er gert ráð fyrir líkamsræktaraðstöðu og veitingastað í austurenda jarðhæðar.

Á fundinum sagði Sævar frá þeirri vinnu sem fram hefur farið og hvaða kostir hefðu verið skoðaðir varðandi bygg-

ingu nýrrar sundlaugar, og sagði Sævar að þeim virtist besti kosturinn vera sá að byggja við íþróttahúsið á Torfnesi. Sævar sagði einnig að rætt hefði verið við bæjarstjórnarmenn um samvinnu um verkið, sem á að vera í einkaeigu, en þeir hafi ekki verið tilbúnir til að ráðast í að samþykkja framkvæmdir svo skömmu fyrir kosningar. Þá kynntu þeir Steingrímur Þorgeirsson og Ólafur Halldórsson hugmyndir um hlutafélagið, og kom meðal annars fram að kostnaðaráætlun hljóði nú upp á 498 milljónir. Hugmyndin er sú að stofna almenningshlutafélag með dreifðri eignaraðild til að tryggja sem besta aðstöðu og öryggi í rekstri. Næstu vikur og mánuðir fara í söfnun hlutfjárloforða.

Næstur á senuna var Her-



Oddvitar stjórnmálaflokkanna í Ísafjarðarbæ létu sig ekki vanta á fundinn.

mann Níelsson, íþróttakennari, sem fjallaði um áhrif bættrar aðstöðu til líkamsræktar á bæjarfélagið. Sagðist

Hermann telja að líkamsræktar og sundaðstaða á borð við þá sem rætt er um nú myndi hafa mikið markaðs- og aug-

lýsingagildi fyrir bæinn.

Við opnar umræður sögðu oddvitar framboðslistanna til sveitarstjórnar í Ísafjarðarbæ frá því hvernig málið sneri við þeim. Halldór Halldórsson, oddviti D-lista, fagnaði framtakinu og sagðist telja eðlilegt að ný bæjarstjórn tæki málið að sér. Guðni Geir Jóhannesson, oddviti B-lista, sagði að það þyrfti að sýna fram á að bærinn réði við verkefni af þessu tagi, að rekstraráætlanir og kostnaðaráætlanir þyrftu að liggja fyrir til þess að hægt væri að taka ákvörðun um þátttöku bæjarins. Þá sagðist hann vona að áætlun staðist og að af verkefninu yrði, og að hann væri tilbúinn að koma að málinu persónulega. Sigurður Pétursson, oddviti Í-lista, sagðist telja þetta brýnt framtak, og að Í-listinn héti því að vinna að málinu með áhugahópnum til þess að byggingin yrði að veruleika.

Vel heppnað 30 ára fermingarafmæli

Árgangur 1962 á Ísafirði fagnaði 30 ára fermingarafmæli um helgina. Hópurinn hittist á föstudag og fyrsta verk þeirra var að afhenda Ísafjarðarkirkju styrk til altarisstöflunnar, Fuglar himinsins eftir Ólöfu Nordal, sem sett verður upp von bráðar. Fermingarbörnin gerðu ýmislegt sér til gamans og má þar nefna ferð til Flateyrar, kvöldverður í Guðmundarbúð og heimsókn í Safnahúsið á Eyrartúni. Óvænt uppákoma beið hópsins

þegar snúið var aftur til Ísafjarðar frá Flateyri. Rútan var stöðvuð í Vestfjarðagöngunum af lögreglunni með blikkandi ljósum. Hafði þá verið útbúið skot í miðjum göngunum með kertaljósum, hlaðborði, vínveitingum og lifandi tónlistarflutningi. Endurfundirnir heppnuðust afar vel en áhugasömum er bent á að nánar má lesa um fermingarafmælið á heimasíðu árgangsins á vefslóðinni arg62.blogspot.com. – thelma@bb.is



Árgangur '62 á Ísafirði fagnaði 30 ára fermingarafmæli um helgina.

Ungt fólk til ábyrgðar

Framsóknarflokkurinn býður fram ungt fólk, sem er tilbúið að axla ábyrgð á stjórn bæjarfélagsins. Stefnuskrá okkar er ítarleg og skýr. Hagsmunir unga fólksins í bæjarfélaginu eru þar hafðir í fyrirrúmi.

Framsýni – Bjartsýni – Kraftur



Albertina Friðbjörg Elíasdóttir

Albertina Friðbjörg Elíasdóttir



Kjósum ungt fólk til ábyrgðar,
setjum x við B á kjördag..

Björgvinur Ólafur Guðmundsson

Björgvinur Ólafur Guðmundsson

Svanlaugu áfram í bæjarstjórn

Við framsóknarmenn í Ísafjarðarbæ höfum lagt fram

metnaðarfulla og skýra stefnuskrá um hvað við

viljum gera á næsta kjörtímabili undir kjörorðunum

Framsýni – Bjartsýni - Kraftur

Það er nauðsynlegt að Framsóknarflokkurinn

sé sterkt all í bæjars tjörn Ísafjarðarbæjar

Ég er tilbúin að leggja mig fram um að gera

bæjarfélagið okkar enn betra


Ég skora á kjósendur að tryggja mér sæti í

bæjarstjórn.

Setjið x við B á kjördag

Svanlaug Guðnadóttir

Svanlaug Guðnadóttir, bæjarfulltrúi





Dýrindis fiskréttir voru á boðstólum í veislunni. Myndir: Páll Önnundarson.



Sjávarútvegsráðherra ásamt eiginkonu sinni og Gísla Halldóri Halldórssyni.

Glæsileg fiskveisla Íslandssögu og Klofnings

Hin árlega fiskveisla Íslandssögu hf. og Klofnings ehf. á Suðureyri var haldin sl. laugardag. Fyrirtækin buðu að venju starfsfólki sínu og mökum þeirra ásamt fleiri góðum gestum og mættu alls um 240 manns til veislunnar.

„Þetta heppnaðist frábærga vel, það var góður matur, góð mæting og gott prógramm“, segir Óðinn Gestsson framkvæmdastjóri Íslandssögu. „Við buðum líka sjávarútvegs-klanum, það eru fiskvinnslufyrirtækin á Vestfjörðum. Sjávarútvegsráðherra var heiðursgestur og einnig buðum við framboðunum í veisluna, B, D og Í, og mættu fulltrúar frá þeim“. Boðið var upp á 11 fiskrétti úr þorski, ýsu og steinbít, allt framleiðsla fyrirtækjanna sjálfrá.

Einnig var boðið upp á smálúðu sem litlu bátarnir gáfu. Skemmtiatriðin voru ekki af verri endanum, karlakórinn Ernir söng og Elfar Logi skemmti.

Leyninúmerið var síðan hafnarstjórinn á Ísafirði,



Muggi hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar sló í gegn.

Muggi, sem sló í gegn. Hann tók 3 lög og að sögn Óðins fylltist þá dansgólfið. Í veislunni var einnig kynning á Sjávarþorpinu Suðureyri og var í fyrsta sinn boðið upp á bjór sem er sérmerktur fyrir verkefnið. Óðinn segir hann hafa smakkast mjög vel og bætir því við að skreytingar hafi prýtt salinn með markaðsfulltrúa verkefnisins, Bobby Fisherman, í aðalhlutverki. – gudrun@bb.is



Albertína Elíasdóttir, Kolbrún Schmidt, Elías Guðmundsson og Örn Ingólfsson voru á meðal gesta í hófinu.



Annar gestgjafanna, Guðni Einarsson ásamt Sigurði Viggóssyni, framkvæmdastjóra Odda hf., á Patreksfirði.



Þar voru einnig þau Kristján G. Jóhannsson, Kristján Jóakimsson og eiginkona hans Sigrún Sigvaldadóttir.



Ingibjörg Kristjánsdóttir og Hinrik Kristjánsson ásamt Niels R. Björnssyni og Þórdísi Ó. Eysteinsdóttur.

RITSTJÓRNARGREIN

Korteri fyrir kosningar

Þegar Bæjarins besta leit dagsins ljós í nóvember 1984 gerðu útgefendur Lýðum ljóst að tilgangurinn með blaðinu væri að koma á framfæri því sem væri að gerast í bæjarfélaginu á hverjum tíma; reynt yrði að hafa blaðið sem fjölbreyttast og að það stæði opið öllum sem vildu leggja því lið með efni eða ábendingum.

Ummæli álitsgjafa, í afmælisblöðum sem gefin hafa verið út á þeim liðlega tveimur áratugum sem blaðið hefur komið út, taka af allan vafa um að BB er sjálfstætt og óháð blað sem tekur afstöðu eftir málefnum en ekki eftir því hver hlut á að máli.

Útgefendur sáu strax að eini möguleikinn til að blaðið ætti einhverja framtíð fyrir sér væri sjálfstæði í efnistöku og útliti blaðsins. Frá upphafi hefur verið lagður metnaður í að gera blaðið fjölbreytt og aðgengilegt í tvennum tilgangi: Í fyrsta lagi til að þjóna lesendum og í öðru lagi varðveislu á sögulegum heimildum í máli og myndum. Fullyrða má að án BB væru heimildir um mannlíf á Vestfjörðum á þeim liðlega tveimur áratugum sem blaðið hefur komið út, snöggtum fátækari.

Hvers vegna er þetta rifjað þetta upp? Á síðastliðnu ári var blaðið sakað um sumir stjórnmálamenn ættu greiðari leið inn í blaðið en aðrir. Því var svarað stuttlega: Séu sumir stjórnmálamenn meira áberandi en aðrir á síðum blaðsins stafar það einfaldlega af áhuga/

áhugaleysi viðkomandi. Blaðinu var einnig borið á brýn að það væri ekki hlutlaust í umfjöllun sinni um tiltekið málefni. Svarið við þessum hugarörum var að ýjanir um að blaðið eða starfsfólk þess starfaði í þágu einhverra óskilgreinda aðila væru mikill mis- skilningur og fjarri öllum veruleika.

Og, nú þegar korter er til kosninga eins og stjórnmálamenn orða það, hefur ritstjórn BB verið sökuð um að gera framboðum til bæjarstjórnar í Ísafjarðarbæ mishátt undir höfði hvað staðarval í blaðinu áhrærir. Þótt þetta sé í raun svo mikil fyrra að ekki sé svara verð, sér ritstjórn ástæðu til að áréttast hér eftir sem hingað til mun útlit blaðsins miðast við það eitt að heildarmynd þess falli lesendum sem best í geð og að við seinni tíma skoðun geti að þar að líta raunsæa mynd af því sem var að gerast á hverjum tíma.

Bæjarins besta mun hér eftir sem áður ekki hika við að taka einarða afstöðu í málum sem það telur varða hagsmuni Vestfirðinga. Hverjir sem valdhafar kunna að vera í slíkum tilfellum skiptir ekki máli. BB telur það höfuðverkefni sitt að halda merki vestfirskra byggða á lofti. Vinna þeim allt sem í þess valdi stendur. Til þeirra hluta gengur BB óháð öllum valdhöfum, óháð öllum pólitískum flokkum.


s.h.

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sölgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 · Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is · Blaðamenn: Eiríkur Örn Norðdahl, símar 456 4694 og 845 2685 eirikur@bb.is – Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4680 og 849 8699, thelma@bb.is – Guðrún Ása Magnúsdóttir, símar 456 4693 og 692 2972, gudrun@bb.is · Ritstjóri netútgáfu bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson · Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is · Ábyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasölverð er kr. 300 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. · Önnur útgáfa: Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. · ISSN 1670 - 021X

Nýir tímar – nýjar áherslur



... í þína þágu



Í-LISTINN
Í ÍSAFJARÐARBÆ

Halldór Halldórsson, oddviti sjálfstæðismanna í Ísafjarðarbæ skrifar

Staðreyndir í stað innihaldslausrar slagorða

Staðreyndirnar um vöxt og viðgang Ísafjarðarbæjar tala sínu máli en oft er nóg að sá efa í heilan kvíddóm til að raska niðurstöðu. Mótframbjóðendur okkar sá efa með því að gefa í skyn að andstæðingar þeirra standi sig ekki. Í-listinn virðist ekki ná að hefja sig upp fyrir andstæðinga sína og því fara þeir þá leið að draga okkur niður. Sú tegund stjórnmála ætti ekki að þekkja en gerir það því miður í þessari kosningabaráttu.

Framboðsbræðingur þriggja stjórnmálaflokka, sem fátt eiga sameiginlegt annað en vilja til að koma núverandi meirihluta frá, segja íbúum Ísafjarðarbæjar að hér sé allt í kalda koli. Nú þurfi að breyta til og nú verði að snúa vörn í sókn. Þvílík öfugmæli og fjarstæða að ætla að slíkur bræðingur geti gert annað en tekið upp eldra ástand í bæjarmálunum, þ.e. að eyða kröftunum í deilur sem hæfa sandkassa á meðan hagsmunir bæjarbúa sitja á hakanum.

Engar staðreyndir takk!

Framboð Í-listans skreytir

titilreit heimasíðu sinnar, þegar þessi grein er skrifuð, með slagorðinu: „Ekki rugla mig með staðreyndum. Ég hef þegar gert upp hug minn.“ Slík slagorð eru auðvitað boðleg í hvaða sandkassa sem er. En varla telja kjósendur í Ísafjarðarbæ hag sínum best borgið hjá þessu fólki. Megum við frekar biðja um gamla slagorðið, þar sem þau kveiktu á kerti til að lýsa upp myrkrið sem þau hafa sókk sér í árum saman. Það er í góðu lagi að gagnrýna á málefnalegan hátt, nauðsynlegt reyndar, en þegar fólk býður sig fram þá er ekki nóg að segjast ætla að gera betur án þess að útskýra fyrir fólki hvernig það skuli gert.

Það lýsir af Ísafjarðarbæ

Það kom skýrt fram í erindi forseta Íslands við setningu sýningarinnar Perlan Vestfirðir um daginn hver staða mála er hér um slóðir. Þar lýsti hann breytingunni á samfélaginu frá drunga og doða árið 1996 yfir í vöxt og bjartsýni árið 2006. Það dylst engum sem fylgst hefur með mállefnum Ísafjarðarbæjar og Vestfjarða á undanförunum



Halldór Halldórsson.

árum að mikill árangur hefur náðst. Bjartsýnna samfélag endurspeglast í aukinni fjölbreytni, fleiri menntunartækifærum, fjölgun starfa í nýjum greinum, bættum þjónðvegum, fjölgun rannsóknarstarfa og úthlutun lóða til bygginga í Ísafjarðarbæ. Fjöldi atvinnu- og auglýsinga birtast og stjórndur fyrirtækja leita erlendis eftir starfsfólki þar sem það fæst ekki hér á svæðinu. Hefur þetta komið fram í umfjöllun fjölmiðla og annarra sem kynnt hafa sér stöðuna.

Engar upplýsingar takk!

Í beinni útsendingu NFS um daginn var fjallað um málefni Ísafjarðarbæjar og rætt við okkur oddvita framboðslistanna. Tekin voru viðtöl við fólk og sagt frá uppbyggingunni í bæjarfélaginu. Það var skrifin upplifun að vera svo þátttakandi í sama þætti og hlusta á fullyrðingar um að nú þyrfti að gera breytingar á stjórn bæjarins, snúa þyrfti vörn í sókn o.fl. innihaldslítil slagorð af hálfu Í-lista. Aftur voru sýndar fréttamyndir af byggingarsvæði og tekið viðtal við verktafa sem sagði að mikið væri að gera og mikil bjartsýni ríkti.

Enn var rætt við frambjóðendur og aftur talaði oddviti Í-lista um að snúa þyrfti vörn í sókn og gera þyrfti breytingar á stjórn bæjarfélagsins, hann tók ekkert eftir uppganginum sem um var rætt. Sjálf-sagt vill hann ekki vita þetta.

Varist bæjarútgerðartilburði Í-listans!

Á opnum fundi á Flateyri kom fram hjá oddvita Í-listans að ef fjárfest hefði verið af hálfu Ísafjarðarbæjar í kvóta

fyrir fjórum árum þá hefði kvótinn vaxið svo og svo mikið í verði o.s.frv. Þetta þarf að varast sérstaklega því oddviti Í-listans lét þess ekki getið hvað hefði gerst ef kvótinn hefði fallið í verði á þessum fjórum árum. Hann reiknaði ekki með hvort hægt hefði verið að græða meira ef hlutabréf hefðu verið keypt, hann sýndi ekki fram á hvort kvóti hefði aukist eða minnkað í sveitarfélaginu við þessa aðgerð.

Mergurinn málsins er sá að það er stórhættulegt að braska með peninga sveitarfélagsins með þeim hætti sem hann talaði um á Flateyri. Hlutverk sveitarfélaganna er að veita þjónustu og skapa umhverfi – ekki að braska með peninga og fara 30-40 ár aftur í tímann til misheppnaðra bæjarútgerða sem sugu peninginn úr bæjarsjóðum sveitarfélaganna hér áður fyrir.

Opnið augun!

Tilraunamennska í stjórn bæjarins getur hæglega fært okkur áratug aftur í tímann, þegar efnahagsleg hnignun náði hér hámarki. Við höfum nýtt Orkubúspeningana vel og

gætilega. Stefuskrá Sjálfstæðisflokksins er skýr, markmið okkar er að stuðla að áframhaldandi vexti Ísafjarðarbæjar. Við bjóðum til starfa fólks með reynslu af sveitarstjórnmálum í bland við nýtt fólk með áherslu og reynslu úr öðrum greinum. Horfið til næstu fjögurra ára. X-D.

Halldór Halldórsson, oddviti sjálfstæðismanna í Ísafjarðarbæ.



40 ár

Kjære Mamma og ástin mín. Hele familien vil med dette få gratulere deg hjerteligst med dagen i dag. Takk for den du er!!! Stor bursdagsklem fra Robert, Konrad og Alfred.

Sigurður Pétursson og samgöngumál

Það var sérstakt að lesa grein Sigurðar Péturssonar á bb.is fyrir nokkrum dögum síðan. Þar gengur frambjóðandinn fram með þeim hætti að ekki er hægt annað en að svara. Eftir að lesa grein Sigurðar má ætla að allt sé í kalda koli á Ísafirði. Það hafi ekkert gerst undanfarin ár. Ekkert! Er raunverulega einhver sem hefur það á tilfinningunni?

Sérstaklega hart gengur frambjóðandinn fram þegar hann gagnrýnir framtaksleysi í samgöngumálum. Hann gagnrýnir að vegafarmkvæmdir í Djúpinu séu skammt á veg komnar. Er raunverulega einhver sem er þeirrar skoðunar að lítið hafi þökast í vegagerð um Djúpið?

Nú horfum við fram á að árið 2008 verður hægt að aka



Bergþór Ólason.

frá Reykjavík til Ísafjarðar á bundnu slitlagi. Framkvæmdir við þverun Mjóafjarðar eru handan við hornið og sömu leiðis vegagerð um Arnkötuldal. Auðvitað veit frambjóðandinn þetta en kys að fara með rangt mál, sennilega í þeim tilgangi að skapa stemningu fyrir framboði sínu. Frambjóðandinn heldur því jafnframt fram að ekkert hafi

heyrst um jarðgöng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Það vill nú þannig til að rannsóknaboranir hefjast þar nú í sumar. Í júní að ég held.

Allar staðhæfingar Sigurðar í grein hans sem snúa að samgöngumálum eru út í bláinn. Byltung hefur orðið hvað vegtengingu Ísafjarðarsvæðisins við suðvesturhornið varðar. Árið 2008 verður hægt

að aka á bundnu slitlagi frá Ísafirði til Reykjavíkur. Ef það er framtaksleysi þá sér frambjóðandinn Sigurður Pétursson þessa hluti með öðrum augum en ég. En sennilegast er að hann sjái þetta alls ekki, af því að hann vill ekki sjá framfarirnar.

Bergþór Ólason, aðstoðarmaður samgönguráðherra.

● Sælkeri vikunnar • Sigurður Pétursson og Ólína Þorvarðardóttir á Ísafirði

Fiskhringur mömmu og saltgratín Ólínu

Sælkerar vikunnar segja að á heimili þeirra hafi hjónin í gegnum tíðina skipst á um að elda. Þó hafi með árunum þróast ákveðin verkaskipting, þannig að þau hafi „eignast“ ákveðna rétti og jafnvel sérhæft sig í matreiðslunni. Þá segir Sigurður að í grófstum dráttum megi segja að allur einfaldur hversdagsmatur henti honum mjög vel. Aftur á móti hafi Ólína tileinkað sér nýja strauma í matargerð og býður hún oft upp á slíkar nýjungar með pasta, kjúklingi, ofnréttum, salötum og allskyns kryddtegundum sem hann kunni ekki nafnið á. „Fiskur er okkar matur, svo lesendum Bæjarins

besta verður boðið upp á fiskrétti að þessu sinni. Hér kemur einn hefðbundinn heimilisréttur sem ég fékk í arf frá móður minni og er orðinn sígildur, en af því að margir eru hallir undir nýjungar, þá bað ég Ólínu um að lána mér góða uppskrift af saltfiskgratín, sem hún eldar stundum“, segir Sigurður.

Fiskhringurinn hennar mömmu

1-2 ýsuflok hökkuð eða ½ - 1 kíló fiskihakk
½ - 1 laukur
1-2 egg
3 matskeiðar hveiti
2 matskeiðar kartöflumjöl
1-2 egg
1 teskeið salt

½ teskeið lyftiduft

Fiskinum, kartöflumjölinu og hveitinu er hrært saman með lauknum og bætið egginu ásamt salti og lyftidufti, mjólkinni út í eftir þörfum. Setjið fiskdeigið í hringlaga kökumót sem áður hefur verið smurt með smjöri. Setjið mótið ofan í stóran pott með sjóðandi vatni og sjóðið í eina klukkustund. Athugið að hafa frekar lítið vatn í pottinum, svo vatnið sjóði ekki yfir deigið. Meðlætið er íslensk kartöflumús, vel pressuð og soðin upp með smjöri, sykri og salti og þynnt með mjólk. Með fiskhringnum er gott að bræða smjör og jafnvel bera fram grænar baunir, en börnin vilja

frekar tómatsósu.

Saltfiskgratín Ólínu

Soðinn saltfiskur
Hveiti
Smjörlíki
Mjólk
Egg
Laukur
Tómatpurré

Bakið 1 bolla hveiti og 50 g smjörlíki upp í potti með mjólk og búið til sósu. Takið pottinn af hitanum og bætið í tveimur eggjum og hrærið vel. Rífið niður hálfan til einn lauk og setjið í ásamt einni matskeið af sinnepi og lítilli dós af tómátpurré. Hellið helm-ingnum af sósunni í ofnfast fat, setjið soðinn saltfiskur yfir



og hellið síðan afgangnum af sósunni yfir allt saman. Setjið ost eða rasp yfir. Eldið í ofni við 150 gráður í eina klukkustund.

Ís með kókosbollurjóna (ættaður frá Herberti íssala og söngvara)

Þeytið vel einn pott rjóma.

Bætið út í 2-4 kókosbollum eftir smekk og þeytið þær saman við rjómann. Setjið vanilluís í skál og setjið kókosbollurjómann yfir. Skreytið með lakkrískurli. Nóa-kroppi og íssósu. Pottþéttur endir á góðri máltíð. Við skorum á Má Óskars-son á Ísafirði sem er mikill kokkur.



Nýtt skip til Flateyrar

Skipið Dúi, sem áður hét Ársæll SH-88, kom til nýrrar heimahafnar sinnar á Flateyri sl. fimmtudag. Fiskvinnslan Kambur ehf. keypti skipið í vetur með rúmlega 575 þorskígildistonna kvóta sem nýttur er á báta sem útgerðin átti fyrir, Halla Eggerts og Sigga Þorsteins. Að sögn Hinriks Kristjánssonar framkvæmdastjóra Kambs er óljóst ennþá hvað verði gert við skipið. „Það hefur ekki gengið að selja bátinn þannig að við ákváðum að hafa hann nær okkur til eftirlits. Framhaldið er ekki ákveðið, hvort eitthvað verði nýtt úr honum í okkar báta eða hvort flötur sé til að gera hann út. Ætli við fegrum hann ekki allavega aðeins svo hann falli betur inn í hafnarmyndina“, segir Hinrik. Myndina af Dúa tók Guðrún Pálsdóttir.

– gudrun@bb.is

Nýr framkvæmdastjóri Vesturferða

Guðmundur Björn Eyþórsson lætur af störfum sem framkvæmdastjóri Vesturferða 1. júní nk. og Gylfi Ólafsson tekur við starfinu. Gylfi hefur starfað lengi hjá Vesturferðum og tók við framkvæmdastjóra-

starfinu fyrir skömmu. Hann og Guðmundur starfa hlið við hlið þar til Guðmundur heldur til starfa á öðrum vettvangi í byrjun júní. Guðmundur hefur sinnt starfinu í rúmt ár en starfslok hans eru í fullri sátt

af hálfu beggja aðila. Þá hafa Anna Sigríður Ólafsdóttir og Haukur Sigurðsson hafið störf hjá fyrirtækinu. Vesturferðir reka Upplýsingamiðstöðina á Ísafirði til 1. júní nk. en þá verður mið-

stöðin sjálfstæð eining en verður þó áfram undir sama þaki og ferðaskrifstofan. Vegna þessara breytinga standa nú yfir framkvæmdir við skrifstofurnar í Edinborgarhúsinu.

– gudrun@bb.is

Bæjarstjóran – Já takk

Í skoðanakönnun Gallups nýverið kemur skýrt fram að Ísfirðingar vilja Halldór Halldórsson áfram sem bæjarstjóra. Halldór hefur ekki einungis verið ókrýndur foringi Ísfirðinga á síðasta kjörtímabili, heldur hefur hann verið mikilvægur forystumaður sveitarstjórna á Vestfjörðum.

Ósýnilegu verkin

Fyrir utan störf sín á heimaslóðum hefur Halldór verið valinn til ýmissa trúnaðarstarfa á vettvangi sveitarstjórna. Halldór hefur setið í ráðgjafahópi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sem hefur það hlutverk að miðla hluta af tekjum ríkisins til sveitarfélaga, þannig að þau geti sinnt lögbodnum verkefnum sínum. Sjóðurinn er afar mikilvægur sveitarfélögunum, ekki síst þeim minni. Þannig var á síðasta ári úthlutað um 12 milljörðum króna úr sjóðnum. Þess má geta að í tilviki Bolungarvíkur nam úthlutun úr Jöfnunarsjóði um 72 milljónum króna, eða 25 % af tekjum. Úthlutunareglur geta skipt sköpum fyrir einstök sveitarfélög. Þær eru nú í endurskoð-

un og situr Halldór í endurskoðunarnefndinni. Við Bolvíkingar væntum mikils af setu hans þar.

Reynslan skiptir miklu og skapar áhrif

Að ýmsu leyti má segja að Halldór Halldórsson hafi tekið við ákveðnu forystuhlutverki í hópi vestfirskra sveitarstjórnarmanna af Ólafi Kristjánssyni fyrrverandi bæjarstjóra í Bolungarvík. Ólafur var viðriðinn sveitarstjórnarmál í tæpa fjóra áratugi, síðustu 16 árin sem pólitískur bæjarstjóri og jafnframt oddviti sjálfstæðismanna. Ólafur var líkt og Halldór áhrifamaður í samþökum sveitarstjórnarmanna á landsvísi. Víst er að íbúar Bolungarvíkur áttuðu sig ekki alltaf á mikilvægum störfum hans á landsvísi. Hins vegar má enn sjá fingraför hans í núverandi úthlutunareglum Jöfnunarsjóðsins. Má þar t.d. nefna framlög vegna snjósmoksturs. Það tók sinn tíma hjá Ólafi að koma ákveðnum breytingum í gegn. En nú, mörgum árum síðar, erum við Vestfirðingar að njóta ávaxtanna í formi fjárfram-



Sölvi Sólbergsson.

laga, sem taka mið af raunverulegum og oftast íþyngjandi útgjöldum til snjósmoksturs.

Mikilvægt að tryggja áhrif Vestfirðinga áfram

Það er alls ekki sjálfgefið og verður reyndar að teljast afar ólíklegt að nýr ópólitískur bæjarstjóri á Ísafirði myndi ná þeim áhrifum og styrk sem Halldór Halldórsson hefur óumdeilanlega náð, m.a. í samskiptum ríkis og sveitar-

félaga. Það skiptir því ekki einungis máli fyrir íbúa Ísafjarðarbæjar hver velst til forystu í þessu langstærsta sveitarfélagi fjórðungsins, heldur skiptir það máli fyrir alla íbúa Vestfjarða.

D-listann áfram til forystu á Ísafirði og í Bolungarvík

Líkt og á Ísafirði teflir Sjálfstæðisflokkurinn í Bolungarvík oddvita sínum fram sem bæjarstjóraefni. Elías Jónatansson hefur sem forystumaður okkar Bolvíkinga öðlast mikla reynslu á yfirstandandi kjörtímabili. Mikilvægt er, að hann gjörþekkir til þeirra verkefna sem hafin eru og þeirra sem í undirbúningi eru. Af góðri reynslu treysti ég þeim Halldóri og Elíasi fullkomlega til að vinna saman að hagsmunamálum okkar Vestfirðinga á næsta kjörtímabili. Til að svo geti orðið setjum við x við D á kjördag. Sölvi R Sólbergsson. Höfundur er formaður bæjarráðs Bolungarvíkur og skipar 5 sætið á framboðlista Sjálfstæðisflokksins.



ÍSAFJARÐARBÆR

VIÐBURÐASTJÓRI – ÚTILÍFVERAN

Ísafjarðarbær auglýsir eftir starfsmanni til að sjá um viðburðastjórnun á útivistarhátíðinni Útilífverunni 13. til 16. júlí nk. Starfið felst í eftirfarandi: Skipulagningu einstakra viðburða hátíðarinnar. Markaðssetning hátíðarinnar. Halda utan um skráningu þátttakenda þar sem það á við. Umsjón með vefsíðunni www.UTILIFVERAN.IS. Söfnun samstarfsaðila. Æskileg er að umsækjandi hafi áður komið að skipulagningu viðburða og hafi áhuga á útivist og íþróttum. Starfsmaður þarf að geta hafið störf sem fyrst. Nánari upplýsingar veitir Þorleifur Pálsson á skrifstofu Ísafjarðarbæjar eða í síma 450 8000.



Orkubú Vestfjarða hf.

Vélstjóri

Vélstjóri óskast til sumarafleysinga við Mjólkárverkjun í Arnarfirði. Húsnæði á staðnum. Frekari upplýsingar veitir stöðvarstjóri í síma 450 2400.

Orkubú Vestfjarða hf.

Blaðamaður

H-prent ehf., óskar eftir blaðamanni til starfa á Bæjarins besta og bb.is. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Leitað er að einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt, hefur góð tök á íslensku máli og hefur góða þekkingu á staðhættum á útgáfusvæði blaðsins. Allar nánari upplýsingar gefur Sigurjón í síma 456 4560 – netfang: bb@bb.is.



Breytt aðsetur

Hef flutt skrifstofu mína úr Stjórnsýsluhúsinu að Aðalstræti 24, 3. hæð, Ísafirði. Björn Jóhannesson, hdl., – Lögsýn ehf.

Sjávarútvegsráðherra Færeyinga á ferð um norðanverða Vestfirði

Opinberri heimsókn Björns Kalsö sjávarútvegsráðherra Færeyja og föruneytis hans til Íslands lauk í síðustu viku, en ráðherrann brá sér vestur í fylgd Einars K. Guðfinnssonar, sjávarútvegsráðherra Íslands. Einar Kristinn segir ferðalagið hafa verið mjög ánægjulegt. „Það var mjög ánægjulegt tækifæri fyrir mig að fá að sýna starfsbróður mínum norðanverða Vestfirði, og hann hafði sömuleiðis mjög gaman af heimsókninni“, segir Einar.

„Það er margt í Færeyjum sem minnir á þær aðstæður sem við þekkjum fyrir vestan og Björn fékk innsýn í ýmislegt sem er að gerast í sjávarútvegi á Vestfjörðum. Við skoðuðum meðal annars tækninýjungar hjá 3X-stál, skoðuðum þorskeldi HG í Álfafirðinum þar sem við sigldum inn að kvíunum og fengum þar það hlutverk að fódra nokkra þorska.“ Þá fór

föruneytið í heimsókn í Vigur þar sem sauðburði er nýlökíð.

„Björn fékk að berja augum nýbornar kindur Salvars bónda og Hugrúnar, sem var mjög gaman fyrir hann enda stundar hann talsverðan sauðfjárbúskap í Færeyjum. Við heimsóttum líka beitingaskúr í Bolungarvík þar sem ráðherrann og ráðuneytisstjóri mátuðu sig við að beita í skúrinni, og sýndu að þar kunnu þeir vel til verka.“

Þá nefnir Einar sérstök tengsl Vestfirðinga og Færeyinga. „Færeyingar stóðu betur með okkur en nokkrir aðrir eftir hin hörmulegu snjóflóð í Súðavík og á Flateyri og gáfu miklar gjafir sem runnu til þess að byggja leikskóla. Við heimsóttum báða leikskólana þar sem gríðarlega vel var tekið á móti okkur. Hinir færeysku gestir voru mjög snortnir af þessum heimsókum. Það er mín skoðun að við eigum að reyna að rækta



Færeyski sjávarútvegsráðherrann uppi á Bolafjalli. F.v. Ólafur Jens Daðason, Elías Jónatansson, Jón B. Jónasson, Björn Friðrik Brynjólfsson, Hennibeth Kalsö, Björn Kalsö, Einar Kristinn Guðfinnsson, Sigrún J. Þórisdóttir og Rógvi Reinert. Ljósmyndir: Björn Friðrik Brynjólfsson.

sem mest samband við nágranna okkar í Færeyjum. Við eigum svipaðra hagsmuna að gæta og þeir eru vinir okkar. Færeyingar unnu sem dæmi mikið á sjó á vestfirskum skipum fyrir nokkrum áratugum. Þá má einnig geta þess að ég fór í mína fyrstu opinberu heimsókn sem sjávarútvegsráðherra til Færeyja síðastliðið haust og var tekið þar með kostum og kynjum.“

Á fundi ráðherranna var svo meðal annars rætt um ástand loðnustofnsins og veiðar úr honum. Ákvörðun um veiðiheilmildir Færeyinga verður tekin þegar nánari vitneskja liggur fyrir um ástand stofnsins. Færeyingar ítrekuðu vilja sinn til að mega nýta loðnuna sem þeir veiða í íslenskri lögsögu á annað en bræðslu. Farið var yfir stöðuna í sjóræningjaveiðum á Reykjanesshrygg og lýsti Einar vonbrigðum sínum með að sjóræningjaskip hafi fengið þjónustu í höfnum að-

ildarríka Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar, NEAFC og nauðsynlegt sé að aðildarríkin leggi baráttunni gegn ólöglegum og óábyrgum veiðum lið af sama kappi og Íslendingar hafi gert. Kalsö kvað Færeyinga reiðubúna að sinna skildum sínum í samræmi við samþykktir NEAFC

og kannað verði hvort færeysk eftirlitsskip geti lagt Landhelgisgæslu Íslands lið við eftirlit á Reykjanesshrygg.

Þá var rætt um skýrslu um samkeppnishæfni sjávarútvegs í Íslandi og Noregi, sem kynnt var í desember 2005. Færeyingar hafa hug á að taka þátt í næsta samanburði. Auk

áðurnefndra heimsókna heimsoitti Kalsö Marel og HB-Granda, fór upp á Bolafjall og í minjasafnið í Ósvör, og skoðaði snjóflóðavarnir á Flateyri. Með Birmi Kalsö í för voru Hennibeth Kalsö eigin kona hans og Rógvi Reinert ráðuneytisstjóri.

– eirikur@bb.is



Kalsö hjónin við málverk af samnefndri eyju þar sem Björn er fæddur og uppalinn og dregur nafn sitt af. Málverkið var gjöf frá Færeyjum til leikskólans í Súðavík.



Við minningarreitinn í Súðavík.

Þorsteinn Jóhannesson, yfirlæknir og formaður fulltrúaráðs Háskólasets Vestfjarða skrifar

Af háskólasetri og öðrum akademíum

Háskólasetur Vestfjarða var stofnað í mars 2005. Háskólasetur er s.k. sjálfseignastofnun. Stofnaðilar sem hafa lagt fé að mörkum eru um 40 talsins. Þetta eru einstaklingar, félög, fyrirtæki, opinberir aðilar og síðast en ekki síst allir háskólar landsins. Frumkvöðlar stofnunar Háskólasetsurs börðust fyrir því að komið yrði á kennslu á háskólastigi á Vestfjörðum. Þrátt fyrir harðfyllgi heimamanna fékkst ekki stuðningur við óskir þeirra um stofnun háskóla í Ísafjarðarbæ. Hins vegar tókst að sannfæra stjórnvöld um að

fara þá leið, að stofna háskólasetur en með tilkomu þess má ætla að braut staðbundins háskólanáms sé rudd. Það má ef til vill til sanns vegar færa að þar hafi næst besti kosturinn orðið fyrir valinu, en ég tel sjálfur að þarna sé um besta mögulega kostinn að ræða með tilliti til þess hvað stóð okkur til boða af hálfu þeirra sem semja þurfti við.

Það var vilji þeirra, er að stofnun háskólasets stóðu, að Fræðslumiðstöð Vestfjarða yrði hluti af háskólasetri en stjórn Fræðslumiðstöðvar var því mótfallin. Það er mat und-



Þorsteinn Jóhannesson.

irritaðs að sameinaðar hefðu þessar stofnanir, þ.e. Háskólasetur og Fræðslumiðstöð, haft meiri slagkraft heldur en sitt í hvoru lagi.

Þetta er sett á blað því að undirrituðum finnst sem stuðningsmenn og frambjóðendur eins framboðsins í Ísafjarðarbæ, í komandi sveitarstjórnarkosningum, reyni að gera tilurð Háskólasets tortryggilega. Það er ómaklegt að ætla þeim, sem af stað fóru til koma á staðbundnu háskólanámi á Vestfjörðum, að þeir hafi ekki unnið af heilindum. Það er óheðarlegt ef

reynt er að gera verk þeirra tortryggileg og verst af öllu að heyra slíkt úr röðum skólamanna sem vita betur.

Vestfirðingar allir binda miklar vonir við háskólasetur og væntanlegan háskóla á svæðinu og margir vilja líkja því við „stóriðju“ fjórðungsins. Ófáir binda þær vonir við háskólasetrið að það sé vísir að sjálfstæðum háskóla og að takast megi að skapa honum sérstöðu sem leiðir til eflingar náms og rannsókna hér í bæ. Því megum við ekki draga þessa stofnun og eitt af fjórðungjum framtíðar okkar inn í

hringidu dægurþrasins og fórna þessum hagsmunum þar með fyrir skammtímabyr í stjórnmalabaráttu.

Til að rétt sé til haga haldið vill undirritaður, sem er einn af stofnaðilum Vestfjarðaakademíunnar, geta þess að við stofnun hennar var glösum lyft og skálarræður haldnar á sal MÍ en það mun ekki rýra gildi þess félagskappar sem vonandi á eftir að marka sér spor í vestfirsku samfélagi.

Þorsteinn Jóhannesson, yfirlæknir og formaður fulltrúaráðs Háskólasets Vestfjarða.

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra skrifar

Borað vegna jarðganga á tveimur stöðum í sumar!

Umræður um samgöngu-mál eru eðlilega fyrirferðar-miklar á Vestfjörðum. Sem samgönguráðherra og þing-maður Norðvesturkjördæmis hef ég beitt mér af öllu afli fyrir því að tryggja sem best fjármuni til framkvæmda við vegagerð á Vestfjörðum. Allir sangjarnir menn sjá og viður-kenna að verulegur árangur hefur náðst og hann blasir hvarvetna við. Og framundan eru meiri framkvæmdir en nokkru sinni fyrr á svæðinu. Hvað sem pólitískir andstæð-ingar mínir segja þá tala stað-reyndir sínu máli. Þeim virðist lítt gefið um þær í aðdraganda sveitarstjórnarkosningann. Þar virðist marklaust tal og óábyrgt ráða för þegar um samgöngumálin er fjallað. Málflutningur forystumanna Sjálfstæðisflokksins á Vest-fjörðum er markviss, ábyrgur og þeir ná árangri með skipu-lögðum vinnubrögðum og traustu samstarfi við þá sem með samgöngumálin fara.

Djúpið

Síðustu árin hefur verið unnið stöðugt við endurbygg-ingu vegarins um Djúp. Síð-ustu áfangar þess verks verða boðnir út á næstunni og verð-

ur lokið árið 2008. Um er að ræða mjög stóran áfanga með þverun bæði Mjóafjarðar og Reykjaðar. Þar með verður Reykjanes komið í þjóðbraut og full uppbyggður vegur .

Vegur um Arnkötludal

Nýr vegur um Arnkötludal var settur í Samgönguáætlun við endurskoðun hennar á síðasta ári. Arnkötludalsvegur sem liggur milli Strandasýslu og Reykhólasvæðisins mun stytta leiðina milli Ísafjarðar og Reykjavíkur. Fyrir nokkr-um dögum lauk umhverfis-matsferlinum við það verk og munu framkvæmdir hefjast í ár og geta lokið á árinu 2008 ef allt gengur að óskum með útboði þess verks.

Vestfjarðavegur

Nú er unnið að því að ljúka við endurbyggja Vestfjarða-vegin um Svínadal og unnið að undirbúningi þess að þvera firðina svo leiðin um Barða-strönd milli Bjarkarlundar og Flókalundar styttest sem mest og verði sem öruggust sem heilsársvegur. Fjármunir hafa verið tryggðir til næstu áfanga og þess beðið að umhverfis-

matsferlinum ljúki svo fram-kvæmdir geti hafist. Þegar framkvæmdum við þennan áfanga verður lokið verður ekið á fulluppbýgðum vegi milli Vesturbýggðar og höf-uðborgarinnar. Vonandi testf þessi mikilvæga vegalagning ekki frekar vegna deilna um vegarstæðið.

Tvenn jarðgöng framundan

Í sumar fara fram rann-sóknaboranir vegna tveggja jarðganga á Vestfjörðum. Annars vegar í hinni miklu umferðaröryggisaðgerð sem jarðgöng á leiðinni milli Ísa-fjarðar og Bolungarvíkur verður og hins vegar hin lang-práða samgöngubót og teng-ingur norður og suður fjarða Vestfjarða með göngum úr Arnarfirði í Dýrafjörð. Þessi tvenn jarðgöng eru forsenda fyrir því að fylgja eftir öflug-um aðgerðum stjórnvalda við samgöngubætur og um leið eflingu atvinnulífsins á svæð-inu. Eftir að rannsóknun á jarðgangastæðum í stað vegar um Óshlíð er lokið verður hægt að ákveða legu jarðgang-anna. Í umfjöllun minni um málið hef ég sagt að velja verði þann kost sem tryggir örugga



Sturla Böðvarsson.

umferð. Jafnframt verðum við að nýta fjármuni sem best og koma verkinu í gagnið á eins skömmum tíma og kostur er. Því verður að leggja raunsætt mat á kostina sem í boði eru.

Flugvelli endurbyggðir

Eins og vestfirðingar þekkja þá eru í gangi miklar framkvæmdir bæði við örygg-issvæði við Ísafjarðarflugvöll og endurbygging flugvallar-ins á Þingeyri. Fyrir stuttu var tekin í notkun nýr flugturn við Ísafjarðarflugvöll sem bætir stórlega alla starfsað-stöðu á velliðum fyrir þá sem vinna að flugumsjóninni. Með þessum aðgerðum mun ör-yggi í flugsamgöngum við Vestfirði stórbatna og í kjölfar

þess ættu flugfargjöld milli Ísafjarðar og Reykjavíkur að geta lækkað þegar áætlanir verða öruggari og standast betur þegar Ísafjarðarflugvöll-ur og Þingeyrarflugvöllur verða reknir saman sem um einn völl sé að ræða sem stór eykur öryggið í fluginu.

Ferðaþjónustan eflist

Bættar samgöngur eru for-senda fyrir því að ferðaþjón-ustan eflist. Ég hef við mörg tækifæri lýst þeirri skoðun minni að Vestfirðir hafi mikla möguleika sem framtíðarland ferðaþjónustunnar.

Sveitarfélögin og atvinnu-lífið á Vestfjörðum hefur unn-ið skipulega að því að marka fjórðungnum sértöðu saman-ber sú áhersla sem Halldór Halldórsson bæjarstjóri lagði með því að leggja til að Vest-firðir verði stóriðjulaus lands-hluti. Með þeirri stefnumörk-ungu eru lagðar línur sem líkleg-ar eru til þess að efla þær atvinnugreinar sem fyrir eru og þær sem tengjast ferða-þjónustu, rannsóknun, há-tækni og menntastofnunum. Það er sá tónn sem best mun gagnast þeirri ímynd sem Perlan Vestfirðir hefur verið að skapa.

Samstarf við sveitarstjórnarmenn

Það er von mín að sam-gönguráðuneytið geti áfram átt gott samstarf við þá öflug-ueit sem leitt hefur bæjar-málin á Ísafirði undir styrkri stjórn sjálfstæðismanna og þess öfluga bæjarstjóra Halldórs Halldórssonar. Halldór nýtur trausts og trúnaðar langt út fyrir raðir flokksmanna um landið allt sem afburðamaður á vettvangi sveitarstjórnanna. Í störfum sínum hefur hann unnið með það í huga að ná árangri og það hefur honum tekist svo sem við blasir á svo mörgum sviðum í Ísafjarðar-bæ. Það er því mikilvægt að tryggja áfram sterka stöðu sjálfstæðismanna við stjórn bæjarmála á Ísafirði. Þannig eru hagsmunum íbúa bæjarins best tryggðir. Miklum árangri síðustu ára yrði fórnað með því að koma til valda ósam-stæðum hópi þriggja flokka. Sá hópur á sér ekkert annað sameiginlegt en að komast til valda. Þessa uppskrift er búið að prófa með R-listanum í höfuðborginni. Það ætti að vera nægjanlegt víti til að var-ast.

Sturla Böðvarsson.

Ársreikningur Ísafjarðarbæjar samþykktur með öllum greiddum atkvæðum

Síðari umræða um ársreikning Ísafjarðarbæjar fór fram á fundi bæjarstjórnar á fimmtu-dag. Þar var ársreikningurinn borinn upp og samþykktur með öllum greiddum atkvæð-um. Niðurstöður ársreiknings-ins eru að heildarrekstrartekj-ur bæjarsjóðs og stofnana hans voru 1.971 milljón krónur og rekstrargjöld 2.205 milljón krónur. Rekstrarniður-staða var því neikvæð um 234 milljón krónur borið saman við 320 milljón kr. samkvæmt fjárhagsáætlun ársins. Veltufé frá rekstri nam 64 millj.kr. og handbært fé frá rekstri 88 milljón kr. Fjárfestingar á ár-inu námu alls 288 milljón kr. en höfðu verið áætlaðar 268 milljón kr.

Helstu framkvæmdir sveit-arfélagsins voru að lokið var við byggingu nýs íþróttahús á Suðureyri, grunnskólinn á

Suðureyri klæddur að utan, malbikunarframkvæmdir voru víða í bænum, fram-kvæmdir voru við nýtt skóla-húsnæði og mótuneyti Grunn-skólans á Ísafirði, nýjar götur og lóðir á Tunguskeiði, gatna-framkvæmdir í Hnífsdal, göngustígur við Skutulsfjarð-arbraut lagður, lóðarfram-kvæmdir við íþróttahús á Þingeyri og við Safnahús Eyr-artúni Ísafirði, átak í vatns-veitu og fráveitumálum, mal-bikun á hafnarsvæði á Flat-eyri, nýr lóðsbátur keyptur og ýmsar hafnarframkvæmdir aðallega endurbygging Ás-geirsbakka á Ísafirði og þekju í Sundahöfn.

Skatttekjur sveitarfélagsins urðu 1.356 millj.kr. eða 61 milljón kr. hærri en áætlað var. Laun voru 1.074 milljón kr. almennur rekstrarkostnað-ur 791 milljón kr., áfallnar



Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði.

lífeyrisskuldbindingar og af-skriftir 206 milljón kr. og nettó fjármagnskostnaður 134 milljón kr. Þeir málaflokkar sem mest tóku til sín voru fræðslumál með 682 milljón kr., æskulýðs- og íþróttamál 195 milljón kr., sameiginlegur kostnaður 127 milljón kr., um-ferðar og samgöngumál 99 milljón kr. og félagsþjónusta 68 milljón kr.

Áfallnar lífeyrisskuldbinding-ar voru 630 milljón kr. og eigið fé 1.270 milljón kr. Ársreikningurinn ber það með sér að niðurstaða reksturs sveitarfélagsins varð þó betri

en gert var ráð fyrir í fjárhags-ar voru 630 milljón kr. og eigið fé 1.270 milljón kr. Ársreikningurinn ber það með sér að niðurstaða reksturs sveitarfélagsins varð þó betri

– eirukur@bb.is

Atvinna

Starfskraftur óskast til verslunarstarfa í Vélsmiðjuna Þrist ehf. að Sindragötu 8. Upplýsingar í síma 456 4750. Vélsmiðjan Þristur ehf.

Til leigu!

Til leigu er 450m² skrifstofu- og iðnaðar-húsnæði á efri hæð að Sindragötu 7. Upplýsingar gefur Flosi í síma 897 4173.

Oddvitar stjórnmalaflokkanna í Ísafjarðarbæ. F.v. Halldór Halldórsson Sjálfstæðisflokki, Guðni Geir Jóhannesson, Framsóknarflokki og Sigurður Pétursson frá sameinuðu framboði Samfylkingarinnar, Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs og Frjálslyndra og óháðra.



X-D, X-B eða X-Í?

Á laugardag verður gengið til kosninga í sveitarfélögum landsins þar sem íbúar þeirra fá tækifæri til að velja sér þá leiðtoga sem munu ráða málum næstu fjögur árin. Í Ísafjarðarbæ voru lagðir fram þrír framboðslistar, D-listi Sjálfstæðisflokks, B-listi Framsóknarflokks og Í-listi Samfylkingar, Vinstrihreyfingarinnar Græns framboðs, og Frjálslyndra og óháðra. Mikið líf hefur verið í frambjóðendum síðustu daga og vikur og hafa verið haldnir fundir víðs vegar um sveitarfélagið, auk þess sem framboðin hafa gert mönnum glaðan dag með alls kyns veisluhöldum og húllumhæi.

Til upprifjunar má minna á að þegar talið var upp úr kjörkössunum fyrir fjórum árum síðan hlaut Framsóknarflokkurinn 401 atkvæði, eða 17,5% af gildum atkvæðum og tvo menn kjörna. Sjálfstæðisflokkur hlaut 810 atkvæði, eða 35,3% og fjóra kjörna. Frjálslyndir og óháðir hlutu 307 atkvæði eða 13,4% og einn mann kjörinn. Samfylkingin hlaut 526 atkvæði eða 22,9% og tvo menn kjörna. Vinstrihreyfingin grænt framboð hlaut 149 atkvæði, eða 6,5% og engan mann kjörinn, og Nýtt afl hlaut 104 atkvæði eða 4,5% og engan mann kjörinn. Þar með má sjá að sitjandi meirihluti Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks fékk samtals 1211 atkvæði, eða 52,8% gildra atkvæða. Þeir þrír flokkar sem mynda Í-listann fengu hins vegar 982 atkvæði, eða 42,8% gildra atkvæða. Samkvæmt nýlegum skoðanakönnunum hefur staðan hins vegar snúið nokkuð, en sem dæmi má nefna að í síð-

ustu könnun sem hafði birst þegar þetta er skrifað, Gallup-könnun fyrir RÚV, mældist Í-listinn með 57% fylgi, eða ríflega 14% meira en samanlagt fylgi flokkanna fyrir fjórum árum, á meðan Sjálfstæðisflokkur mældist með 29,5% sem er tæplega 6% minna en síðast og Framsóknarflokkurinn mældist með 13,2%, sem er ríflega 4% minna en árið 2002. Samkvæmt könnun Gallups fengu því Sjálfstæðisflokkur 3 bæjarfulltrúa, Framsóknarflokkur einn og Í-listi fimm, eða hreinan meirihluta. Þá er því við að bæta að ekki ku langt í að Í-listi næði inn sjötta manni á kostnað Sjálfstæðisflokks.

Það er hins vegar deginum ljósara að úrslit ráðast ekki í skoðanakönnunum heldur í kosningum, og enn eiga víst flestir eftir að kjósa. Veður þykja oftast en ekki skipast fljótt í lofti í pólitík, þó sumum þyki reyndar fylgispekt kjósenda við „sína flokka“ oft full mikil. Það er í öllu falli útlit fyrir spennandi kosningavökur í Ísafjarðarbæ, hvar í flokki sem menn standa. Bæjarins besta fékk efstu menn á framboðslistum, þá Halldór Halldórsson, bæjarstjóra og oddvita D-lista Sjálfstæðisflokks, Guðna Geir Jóhannesson, framkvæmdastjóra og oddvita B-lista Framsóknarflokks og Sigurð Pétursson, sagnfræðing og oddvita Í-lista Samfylkingar, Vinstrihreyfingarinnar Græns framboðs og Frjálslyndra og óháðra, til að svara nokkrum mikilvægum spurningum til að hjálpa kjósendum að glöggva sig á afstöðu flokkanna áður en gengið er í kjörklefann.

– Hvaða einstaka mál þykir þér mikilvægast að tekið verði á við eftir kosningar?

Halldór Halldórsson, D-lista: „Það sem að mér finnst mikilvægast er að við fáum áfram tækifæri til að víkka grunnatvinnulífsins í Ísafjarðarbæ þannig að hér haldi áfram sókn fyrirtækjanna, sem við sjáum að er veruleg í dag, og að hún aukist. Við höfum víkkað grunninn með stofnun Hvetjanda eignarhaldsfélags, með starfi atvinnufulltrúa, aðkomu að ákveðnum atvinnu- málum, með því að beita okkur fyrir stofnun og flutningi

stofnana þannig að störfum hefur fjölgað.“

Guðni Geir Jóhannesson, B-lista: „Það finnst mér vera vegamálín og umhverfismálín, sérstaklega sörpmálín. Ég vil að tekið verði til hér í umhverfismálum, að útbúin verði opin svæði og ásynd Ísafjarðarbæjar verði löguð betur en búin er að gera, þó vel hafi verið gert hingað til. Þá viljum við auka þjónustu eldri borgara og berjast áfram fyrir byggingu hjúkunarheimilis fyrir aldraða.“

Sigurður Pétursson, Í-lista: „Það eru atvinnu- málín. Að

styrkja grunninn hér í samfélaginu okkar með því að beita sveitarfélaginu til þess að auka fjölbreytni í atvinnulífinu og styrkja stoðirnar.“

Ganga opnir til kosninga

– Kemur til greina að starfa með hvorum hinna flokkana er eftir kosningar?

H.H.: „Já.“

G.G.J.: „Já, það kemur allt til greina í því.“

S.P.: „Já, að sjálfsögðu vinna menn saman í bæjarstjórn, en aðalatriðið er auð-

vitað að fá starfhæfan meirihluta og við útilokum engan í því sambandi.“

– Telurðu ákjósanlegra að annar þeirra verði fyrir valinu frekar en hinn?

H.H.: „Ég get ekkert um það sagt. Minn flokkur gengur algerlega óbundinn til kosninga. Það eru bara niðurstöður kosninga sem verða að segja til um það.“

G.G.J.: „Nei, eiginlega ekki. Ég held það sé ágætis fólk á báðum listum. Þetta fer líka allt eftir því hvernig málefnið nást saman.“

S.P.: „Ég get nú svo sem

ekki gert upp á milli þeirra. Það eru málefnið sem ráða að sjálfsögðu.“

– Hvort viltu heldur sjá pólitískan eða ópólitískan bæjarstjóra, og kemur sá kostur sem þú vilt síður til greina í mögulegum meirihlutaviðræðum?

H.H.: „Ég vil sjá pólitískan bæjarstjóra, dökkhærðan, innan úr Ögri, svona svo ég tali almennt um það. En svona í alvöru talað þá er það ekki mitt að hafna neinum valkostum, það er fólk sem skapar framboðið, sem er að baki framboðinu, fólk í Sjálfstæðisflokknum sem tekur þá

ákvörðun að lokum.“

G.G.J.: „Við höfum lýst því yfir að við viljum ráða ópólitískan bæjarstjóra og ég held mig við það. Ég veit ekki hvað kemur upp úr kjörkössunum en það gerist nú oft að maður fær ekki allt sem maður vill eftir kosningar. Það er því best að vera ekki of yfirlýsingaglaður. En við stefnum að því að ráða ópólitískan bæjarstjóra ef við ráðum einhverju um það.“

S.P.: „Við höfum tekið þá stefnu hjá Í-listanum að auglýsa eftir bæjarstjóra. Við viljum fá bæjarstjóra sem verði

framkvæmdastjóri allra bæjarbúa. Bæjarstjórarstarfið er í eðli sínu pólitískt og það kemur í sjálfu sér til greina að semja um pólitískan bæjarstjóra. Það er misjafnt milli sveitarfélaga á landinu hvaða háttur er hafður á þessum málum. Við sjáum það til dæmis í Hafnarfirði að þar hefur tekist mjög vel með pólitískan bæjarstjóra hjá Samfylkingunni á meðan að á Akranesi hefur tekist mjög vel með ráðinn bæjarstjóra, þar sem tveir flokkar hafa verið saman í meirihluta. Hvorttveggja getur reynst vel, það byggir auðvitað á því hvern maður fær til starfsins.“

Staða bæjarfélagsins

– Telurðu stöðu Ísafjarðarbæjar í dag vera góða eða slæma, hverju er það að kenna/pakka, og hvert viltu stefna í framhaldinu?

H.H.: „Ég tel stöðu Ísafjarðarbæjar góða og að hún hafi batnað á undanföllum árum. Ég tel að það sé samstilltu átaki bæjarstjórnar, fyrirtækjanna og fólksins í bænum að við erum á uppleið. Ég vil stefna áfram, ég vil hafa tækifæri til þess að vinna að því sem að mér finnst mikilvægt stefnumál fyrir Ísafjarðarbæ og Vestfirði alla, sem er að skilgreina Vestfirði sem stórhjúlausa og vinna út frá þeirri hugmyndadræði með öllum þeim gríðarlegu möguleikum sem því fylgir fyrir atvinnulíf og uppbyggingu á svæðinu.“

G.G.J.: „Ég tel að Ísafjarðarbær standi nokkuð vel. Því er að þakka ágættri stjórn bæjarfyrirvalda sem hafa verið við stjórn undanfarin ár, og þar má þakka öllum sem hafa setið í bæjarstjórn, bæði meiri- og minnihluta enda hafa ekki verið mikil ágreiningsefni innan bæjarstjórnarinnar. Okkur hefur tekist að lækka skuldir sveitarfélagsins um 600 milljónir og margt annað gott hefur verið gert. Við höfum farið í gatnagerð og alls konar framkvæmdir sem koma okkur til góða til lengri tíma lítið, höfum byggt göngustíga og lagað holrásakerfið sem var í miklu ólági en er í mjög góðu lagi í dag. Margt má betur gera og ég vil stefna áfram, ef ég hef eitthvað um það að segja. Síðandi lukka er best og menn eiga ekki að fara áfram með einhverjum látum. Ég er nú ekki gefinn fyrir að lofa miklu en vil halda áfram svipaðri uppbyggingu og við höfum verið að vinna að.“

S.P.: „Já, staða Ísafjarðarbæjar er á ýmsan hátt sterk. Þetta er fjölmennasta sveitarfélagið á Vestfjörðum og forystuafli Vestfirðinga. Styrkleiki okkar er sá að hér er gott samfélag sem byggir á traustum merg, menningu, sögu og atvinnuháttum. Hér er mikil reynsla og þekking í samfélaginu. Allt eru þetta þættir sem við getum byggt á. Hins vegar er fjárhagsleg staða sveitarfélagsins veik, ekki síst vegna þess að hér hefur fólki verið að fækka. Þar af leiðandi

eru tekjur sveitarfélagsins minni en þær þyrftu að vera, til þess að sveitarfélagið geti sinnt hlutverki sínu vel. Þá reynir náttúrulega á að það sé farið vel með þá sameiginlegu fjármuni sem koma í hlut sveitarstjórnarinnar. Þannig að staðan er bæði sterk og veik. Ég vil stefna að ábyrgari fjármálastjórn í framhaldinu. Það er náttúrulega alveg ljóst að það svigrúm sem skapaðist við sölu Orkubúsins er orðið allþröngt. Geta sveitarfélagsins til stórfamkvæmda er takmörkuð þar sem að það blasir við að til slíkra framkvæmda þarf að taka lán. En ef okkur tekst að nýta þann kraft sem hér býr, skapa ný störf og fjölga íbúum getum við gert betur á næstu árum.“

Nefndaskipan

– Verður það stefna þíns flokks eftir kosningar að skipa í nefndir eftir faglegum línum, flokkslínum eða verður hvoru tveggja tekið til greina?

H.H.: „Það sem að við höfum til hlíðsjónar við nefndarskipan eru báðir þessir þættir. Við horfum til fólks sem er að vinna með okkur í flokksstarfinu og svo horfum við að sjálf-sögðu á faglega þætti. Það má sjá það á því hvernig við höfum skipað í nefndir, við erum með verkfræðing sem formann umhverfisnefndar, við leitum eftir því að fólk hafi faglega þekkingu í nefndunum.“

G.G.J.: „Það er nú bara þannig að það er mjög erfitt að fá fólk til nefndarstarfa. Þegar flokkar þurfa að skipa fólk í margar nefndir þá hefur það stundum gengið brösluglega. Við höfum haft þá stefnu að líta til hvorutveggja. Við höfum samt ekki sett pólitífi fyrir okkur við skipan í nefndir, en auðvitað ef við eignum það fólk sem hefur fagmenntun sem æskileg er í nefndir höfum við notað okkur það ef þess hefur verið kostur.“

S.P.: „Við munum hafa fagleg sjónarmið að leiðarljósi við skipan í nefndir. Fólk sem sest í nefndir er að vinna í þágu samfélagsins fyrir hönd bæjarbúa, og það ríður mikið á að þar sé traust fólk. Það er ljóst að ef að í-listinn kemst í aðstöðu, þá munum við velja það fólk sem við treystum best.“

Skólalóðin

– Nú er útlit fyrir að lítið verði um skólalóð við Grunnskólann á Ísafirði í haust, sökum framkvæmda. Hvernig viltu taka á þeim vanda?

H.H.: „Við erum búin að kaupa Straumshúsið og höfum þann möguleika að fjarlægja það. Þá er einnig möguleiki til að nýta núverandi bílastæði við Björnsbúð sem skólalóð. Við höfum líka þann möguleika að loka Austurveginum og nýta hann sem skólalóð. Þannig að það er fullt af möguleikum til að leysa þennan vanda. Ég tel það reyndar ekki vanda þegar við erum að

fara í metnaðarfulla uppbyggingu skólahúsnaðis við Gf. Ég tel það vera tækifæri og ef einhverjar hindranir koma í ljós þá er við okkar úrlausnar efni að taka á því.“

G.G.J.: „Við erum búin að skilgreina Austurvöll sem skólalóð og ég vil að hann verði notaður sem skólalóð. Ég vil að börnunum verði einfaldlega kennd umgengni við gróður þess garðs, að bera virðingu fyrir garðinum. Það kemur líka vel til greina að loka Austurveginum og stækka þá skólalóðina sem því nemur. Eins er náttúrulega bílaplanið við Björnsbúð sem var. Það eru áhöld um það hvort eigi að ráðast í að rífa Straumshúsið og hafa það þá fyrir bílaplan, og beina framkvæmdaðílum þá sem mest inn á það bílaplan sem er núna. Það verður að reyna að taka sem minnst af skólalóðinni undir framkvæmdirnar.“

S.P.: „Ég sé nú enga aðra lausn en þá að loka Austurveginum og ef enginn annar möguleiki er fyrir hendi þá verður að leyfa börnunum að leika sér í blómagarðinum. Þetta er sú lausn sem ég sé.“

Þjónusta í úthverfum bæjarins

– Hvað viltu gera til að styrkja stöðu og þjónustu í úthverfum Ísafjarðarbæjar, þ.e. Flateyri, Þingeyri, Suðureyri og dreifbýlinu?

H.H.: „Til að styrkja stöðu og þjónustu vil ég fara nýja leið, sem verður sú að í meirihluta taki einn bæjarfulltrúi að sér hvern byggðakjarna og hafi skyldur gagnvart því að fylgjast með þeirra málum, taka við upplýsingum frá íbúasamtökum eða íbúum og vera þeirra málsvári inn í stjórn-sýsluna jafn öðum. Varðandi aðra þætti í þessu þá vil ég bara benda á það að við erum með alla þjónustu bæjarins í öllum þessum byggðakjörnum. Við höfum enga þjónustu lagt niður aðra en þá að bæjarstjórastofan er á Ísafirði, bæjarstjórnin og stjórnsýslan. Allt annað er í byggðakjörnum, það er leikskóli, grunnskóli, höfn og áhaldahús. Við höfum ekkert af þessu tekið í burtu. Eitt af stefnumálum okkar er svo að gera strætóinn gjaldfrjálsan fyrir 16 ára og yngri og fyrir eldri borgara, og ég tel að það muni stuðla að meiri samtengingu milli byggðakjarnanna verði það að veruleika, sérstaklega með samnýtingu íþróttamannvirkja og þess háttar.“

G.G.J.: „Þau hafa átt undir högg að sækja að minnsta kosti hvað varðar opinbera þjónustu. Ég myndi telja að það væri mjög æskilegt að þarna væri fulltrúi bæjarins að minnsta kosti hálfan daginn til þess að fólk gæti sótt smærri mál. Þetta væri nokkurs konar þjónustufulltrúi bæjarins á svæðinu. Síðan höfum við verið að því að sameina hafnir og áhaldahús og bæta þá þjónustu sem þar

er.“

S.P.: „Ég held að bæjarfulltrúar og stjórnendur sveitarfélagsins verði auðvitað að hugsa um sveitarfélagið sem eina heild. Það hefur sýnt sig að mörg smærri mál hafa setið á hakanum, sérstaklega í fjörðunum fyrir vestan. Mál sem snúa að umhirðu, frágangi og umhverfismálum. Við munum gera átak í þessum málum í samvinnu við heimamenn. Við viljum bera umhyggju fyrir öllu sveitarfélaginu, öllum þéttbýlisstöðunum og fólkinu sem þar býr.“

Frá Háskólasetri að háskóla

– Hversu hraða viltu sjá þróun Háskólaseturs Vestfjarða í fullburða Háskóla, með staðbundinni kennslu og sjálfstæðum námsbrautum?

H.H.: „Ég vil sjá þetta gerast strax. Ég hef barist fyrir háskólamálum síðan ég flutti vestur 1996. Þá setti ég það strax fram að það ætti að verða eitt af stefnumálum Vestfirðinga að koma upp háskóla, við misjafnar undirtektir hér heima. Sumir sem að þá sögðu að ég væri að rugla eru að gagnrýna mig í dag fyrir að þetta hafi ekki gengið nógu hratt. Ég vil að þetta gerist á leifturhraða, vil sjá hraða uppbyggingu í þessum málaflokki.“

G.G.J.: „Þegar við stofnuðum Háskólasetur Vestfjarða var ég talsmaður þess að grípa þetta tækifæri þar sem þá var ekki fyrirsjáanlegt að við fengjum háskóla, menntamálaráðherra vildi ekki gefa okkur leyfi til þess. En við eigum að halda áfram ótrauð á þessu kjörtímabili og innan þriggja ára vil ég sjá að hér verði kominn Háskóli Vestfjarða.“

S.P.: „Ég tel að það væri hægt að hefja staðbundna kennslu strax á næsta skólaári, að einhverju leyti, til dæmis í grunnnámi í hugvísindum eða raunvísindum. Og á næsta kjörtímabili vil ég sjá hér sjálfstæðan háskóla. Það þarf auðvitað að undirbúa slíkt mál í samstarfi við fjárveitingarvaldið og rannsóknarstofnanir. Með sameiginlegu átaki allra munum við sjá raunverulegan háskóla sem býður bæði upp á kennslu og stundar rannsóknir.“

Hvað gekk vel og hvað ekki?

– Hvað er jákvæðasta skrefið sem tekið hefur verið í stjórnun bæjarins á liðnu kjörtímabili?

H.H.: „Þau eru bara svo mörg. Jákvæðasta skrefið í stjórnun bæjarfélagsins? Það er úr vöndu að velja. Þessi aukna rafræna stjórnsýsla og aukin dreifstýring til þeirra rúmlega þrjátíu deilda sem bærinn samanstandur af, í fjárhagsáætlun og meðferð fjármuna, þetta er skref sem við höfum verið að stíga leng-

ra og lengra með góðum árangri. En það er úr vöndu að velja, við höfum stigið svo mörg góð skref, eins og til dæmis í tengslum við skólamálin og annað. En ég verð að velja eitt og því vel ég þetta, þetta hefur bætt stjórnun bæjarins og hefur gert okkur kleift að hagræða á bæjarskrifstofunni sjálfri.“

G.G.J.: „Ég held að Háskólasetrið sé mjög jákvætt skref, og styrking atvinnuþróunarfélagsins. Ísafjarðarbær hefur verið mjög stór framkvæmdaaðili síðastliðin fjögur ár og við viljum halda áfram uppbyggingu, auka framboð lóða og styrkja atvinnulífið hér í bæ með þeim hætti sem við höfum verið að gera. Við höfum til dæmis hlaupið undir bagga með Miðfelli, það var mjög mikilvægt að við gerðum það því annars hefði ég séð fyrir mér að Miðfell færi á hausinn og þá hefðum við tapað miklu meira en sem nemur ávinningnum. Ég vil koma atvinnumálum þannig að ef eitthvað svona gerist þá styrkjum við þessi fyrirtæki. Ég vil efla Hvetjanda. Ég vil að bærinn stuðli að góðu atvinnuumhverfi, auðvitað eiga atvinnurekendur líka að vera meðvitaðir um það að styrkja þetta líka. Ég vil hvetja ungt fólk sérstaklega til atvinnurekstrar, virkja atvinnuþróunarfélagið og virkja það sérstaklega með okkur til að byggja upp nýja atvinnulífið. Það er kannski orðin þreytt tugga, en dæmi um það hér á Ísafirði hvernig mönnum hefur tekist afskaplega vel til er 3X-stál. Þetta getur fólk ef það hefur dug og kjark og fær til þess stuðning. Ég vil líka fjölga störfum fyrir ungt fólk. Sjálfur hef ég ráðið ungt fólk úr námi í stjórnunarstöður, og tel að það sé mjög mikilvægt fyrir okkur að auka fjölda fólks á aldrinum frá 25-40 ára hér í bænum. Þar koma leikskólamálin líka inn í, ég vil bæta aðgengi þessa fólks að leikskólum með hugsanlegum niðurgreiðslum leikskólagjalda. Ég sé líka fyrir mér að bærinn gæti komið betur að því að niðurgreiða mótuneyti grunnskólans. Grunnskólinn er svo einn sá besti á landinu og við höfum heilaga skyldu til að standa góðan vörð um hann.“

S.P.: „Ég er mjög ánægður með gervigrasvöllinn hér á Ísafirði og göngustíginn sem nú er verið að klára. Auðvitað gleðjumst við líka yfir íþróttahúsinu á Suðureyri, sparkvellið á Þingeyri og öðru sem gert hefur verið. Allir gleðjast yfir góðum verkum.“

– Hvað þykir þér helst hafa misfarist í stjórnun bæjarins á liðnu kjörtímabili?

H.H.: „Ég veit ekki hversu víðtækur maður má vera í svona svári. Það er örugglega eitt og annað sem hefði þurft að ganga betur, en ég veit ekki hvað hefur beinlínis misfarist. Við höfum náð markmiðum okkar. Það sem hefur gengið hægar en ég hefði viljað er að ég hefði viljað stíga hraðari

skref varðandi það að leysa okkur út úr félagslega hús-næðiskerfinu. Þau skref sem hafa verið stigin hafa hins vegar verið mjög jákvæð, en ég hefði viljað sjá hlutina gerast hraðar þar.“

G.G.J.: „Það er kannski bara það að hafa ekki getað gert meira. Það hefur kannski ekkert beinlínis misfarist. Ég hefði samt viljað ljúka grunn-skólabyggingunni, ef hægt er að tala um að það hafi misfarist. Við höfum þurft að sníða okkur stakk eftir vexti í því máli. Það hefði mátt gera betur í ýmsum málum, ég neita því ekki, það má alltaf gera betur.“

S.P.: „Það er í fyrsta lagi glötuð tækifæri í atvinnumálum þar sem að bæjarstjórnin hefur ekki nýtt sér þau tækifæri sem hafa boðist. Til dæmis að styrkja sjávarútveg eða að reka virka atvinnustefnu til að skapa ný og fjölbreyttari störf. Í öðru lagi held ég að aðbúnaður að grunn-skólum sveitarfélagsins sé ekki nægilega góður og þar hafi þróunin á síðustu árum ekki verið í rétta átt. Í þriðja lagi má svo nefna aðgerðarleysi í sambandi við öldrunarmál og byggingu hjúkrunarheimilis.“

Skilaboð til kjósenda

– Lokaorð?

H.H.: „Ætti ég að segja: „Íþja þeirra er ekki fín/ sem uppi róginn bera./ Til allra nema sjálfra sín/ sífellt kröfur gera?“ Mér finnst þessi vísa lýsa svölítti málflutningi mótframbjóðenda minna í í-listanum, og ég vil bara segja það við kjósendur að við erum að komast á enda kjörtímabils sem var árangursríkt, við erum á uppleið. Ég hef brennandi áhuga til að fá tækifæri til þess að vera áfram í forystu fyrir íbúa Ísafjarðarbæjar. Ég hef sinnt starfi mínu stoltur, hef verið stoltur af því að vera treyst fyrir því og er svo sannarlega tilbúinn til þess að gegna því áfram á næsta kjörtímabili.“

G.G.J.: „Ég hvet kjósendur til þess að skoða hug sinn þegar þeir koma að kjörborðinu og horfa til þess að við framsóknarmenn í Ísafjarðarbæ höfum lagt okkur fram um það að bæta þetta samfélag okkar og okkur hefur tekist það. Persónulega hef ég verið í uppbyggingu hér, og lagt mitt af mörkum til þess. Ég hef engan annan þann draum en að þetta sveitarfélag eflist og verði eitt af stærri höfuðbólum landsins þegar fram líða stundir.“

S.P.: „Við sem bjóðum okkur fram fyrir í-listann gerum það vegna þess að okkur er umhugað um þetta samfélag. Hér viljum við skapa betri framtíð og öflugra mannlíf. Við heitum því að leggja okkur öll fram af heilum hug til að styrkja framtíð byggðarlagsins og íbúa þess.“

– eirukur@bb.is

**Áskriftarsíminn
er 456 4560**

Hvert stefna Bolvíkingar?

Í umræðunni um samgöngur milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar hefur þegar komið fram að allir vilja heildarlaun. En heildarlaun á hverju? Einhverra hluta vegna er það svo að valdhafar í dag einblína á heildarlaun á samgöngum um Óshlíð, allt miðast við það hvernig hægt sé að komast á sem ódýrasta hátt undir hana alla eða hluta af henni. Bolvíkingar eiga ekki að biðja um veg undir Óshlíð heldur um veg milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar. Sjálfstæðisflokkurinn í Bolungarvík er búinn að gefa út hvaða leið þeir vilja að verði farin, þeir vilja að farið verði frá Bolungarvík yfir í Hnífsdal í einum samfelldum göngum og það er þeirra heildarlaun. Aftur og aftur spyr ég sjálfan mig að því hvert vandamálið sé, hvað er verið að leysa?

Er ekki markmið okkar að leysa samgönguvandann milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar? Þurfum við eitthvað að vera blanda Óshlíð inn í þessa umræðu og er nauðsyn að fara í gegnum Hnífsdal? Við þurfum að endurskoða markmið okkar og opna augun fyrir því

að lítilfjörleg barátta bæjarstjórnarmanna fyrir á tímum er ekki lengur gild. Við eigum ekki að vera föst í fortíðinni og halda svona fast í Óshlíðina. Við þurfum fyrst og fremst að skoða hvernig við komumst milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar - óháð Óshlíðinni. Finna allar mögulegar leiðir, skoða hvað þær kosta og meta öryggi þeirra.

Við Bolvíkingar megum ekki láta það gerast að peningar verði látnir í vitlaust verkefni með vitlausu lausn. Við verðum að berjast fyrir því að allt liggi fyrir áður en lausn verði valin. Meta þarf allan kostnað við hugsanlegar leiðir og hafa það í huga að töluvert mikill umferðarþungi á eftir að vera milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar, bæði umferð einkabíla og þungaflutningar. Kanna þarf vilja Hnífsdælinga, hvort þeir vilji hafa þessa umferð í bakgarðinum hjá sér. Sömuleiðis þarf að hafa í huga kostnað vegna varna á Eyrarhlíð og á gatna-kerfinu um Hnífsdal og Eyrina á Ísafirði. Eins og staðan er nú þarf að aka í gegn um ör- mjóa Sólgtötuna til þess að

komast inn í bæinn. Allt þetta þarf að taka með í reikninginn þegar kostnaðaráætlun er gerð.

Vegagerðin er nú að skoða nokkra möguleika og samkvæmt þeirra forskoðun eru þrjár leiðir sem kanna þarf betur. Eina þeirra hefur Sturla Böðvarsson samgönguráðherra þó afskrifað vegna kostnaðar, sem er nokkuð merkilegt þar sem sú leið hefur hvorki verið rannsökuð né borin saman við aðrar leiðir. Það má ekki gerast að hugsanlega besta lausnin verði afskrifuð fyrirfram af pólitískum ástæðum. Við verðum að tryggja að sérfræðingar fái að leggja mat sitt á allar leiðir þannig að hægt sé að velja bestu leiðina - bestu leiðina með tilliti til öryggis, vegalengdar og kostnaðar. Það er nauðsynlegt að fyrir hönd okkar Bolvíkinga standi sam- heldinn hópur með skýr markmið þegar barist verður við ríkisvaldið um fjármagn í þetta mikilvæga verkefni.

Á þessum tímamarki viljum við í Bæjarmálafélaginu ekki ákveða hvaða leið skuli velja eins og Sjálfstæðisflokk-

urinn hefur þegar gert. Við viljum heldur taka afstöðu þegar allir möguleikar hafa verið kannaðir til hlítar, enda er fásinna að ákveða fyrst og rannsaka svo. Við sættum okkur heldur ekki við þetta gríðarlega metnaðarleysi sem einkennt hefur störf meirihluta núverandi bæjarstjórnar. Lýsandi dæmi um þetta metnaðarleysi meirihlutans gagnvart samgöngumálum Bolvíkinga er sú staðreynd að það voru bæjarbúar sjálfir sem settu af stað undirskriftarlistann „Við viljum göng“, frumkvæðið kom ekki frá bæjarstjórn. Við megum ekki gleyma því að

það var einmitt þessi listi sem kom af stað umræðu sem síðar varð til þess að ríkisstjórnin setti fjármagn sem duga á til að leysa bráðasta vandann á Óshlíð.

Næst þegar þú lesandi góður átt leið um Óshlíð, leggðu þá hugann við hvert þú ert að fara. Ertu ekki á leiðinni milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar? Er einhver sérstök ástæða fyrir því að fara í gegnum Hnífsdal? Er engin önnur leið?

Ef þú vilt tryggja að bæjarstjórn Bolungarvíkur berjist fyrir heildarlaun í samgöngumálum milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar – en ekki fyrir



Jóhann Hannibalsson.

bara heildarlaun undir Óshlíð – þá skaltu setja þitt x við K í komandi sveitarstjórnarkosningunum. Það er eina leiðin.

Jóhann Hannibalsson. Höfundur skipar 3. sæti á K-lista Bæjarmálafélags Bolungarvíkur.



Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar opnaði vefinn formlega.

Nú er veður til að skapa með Í-listanum

Nýtt og kraftmikið stjórnmálaafli í Ísafjarðarbæ hefur nú boðið fram öflugan lista til bæjarstjórnar í vor, Í-listann. Þau stjórnmálaöfl sem standa að Í-listanum eru Frjálslyndir og óháðir, Samfylkingin og Vinstri hreyfingin grænt framboð. Ég hef verið svo heppin að fá að vera kosningastjóri þessa nýja afls og þess vegna fengið tækifæri til að kynna fjölda fólks sem hefur lagt Í-listanum lið. Þeir sem lagt hafa leið sína um Hafnarstrætið undanfarna daga hafa tekið eftir reiðhjólunum og barnavögnunum fyrir utan kosningaskrifstofu Í-listans sem er nefnilega alla daga yfirfull af fólki sem kemur til að spjalla, fá sér kaffisopa og gefa góð ráð. Mikil gleði og ánægja ríkir meðal þeirra fjölmörgu stuðningsmanna sem hafa komið til liðs við Í-listann en það er eimitt í slíku andrúmslofti sem sköpunarmátturinn fær þann kraft sem er svo mikilvægur til að góð hugmynd geti orðið að veruleika.

Við höfum verið svo einstaklega heppin að á framboðslistanum hefur tekið sæti fólk sem er með fjölbreyttan bakgrunn, mikla reynslu og brennandi áhuga á að byggja betra samfélag.



Bryndís Friðgeirsdóttir.

Hópurinn er einstaklega samstilltur og vinnur af alhug og einingu við að setja saman raunhæfa stefnuskrá sem unnið verður eftir á næsta kjörtímabili. Stefnan inniheldur ekki óraunsæjan loforðalista sem ógerningur er að efna enda gera frambjóðendur sér fulla grein fyrir því að tekið verður við erfiðu búi. Áhersla verður lögð á að vinna með bæjarbúum við að virkja þau öfl sem tiltæk eru í innra og ytra umhverfi til að styrkja búsetu í bæjarfélaginu. Eitt af þessum öflum er ríkisstjórnin sem illu heilli hefur skapað sveitarfélögum á landsbyggðinni afar erfiðar aðstæður m.a. með óréttlátri tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, fækkun opinberra starfa og óréttlátri fiskveiðistjórnun.

Bæjarstjórn hefur þeim

skyldum að gegna við íbúana að sækja til ríkisvaldsins þann sjálfsagða rétt að bæjarfélaginu séu sköpuð þau skilyrði að það fái að dafna á sjálfbærari hátt. Bæjarstjórn sem er blinduð af pólitískri réttshugsun og sýnir því ekki dug og þor til að sækja á stjórnvöld um úrbætur í byggðamálum er einfaldlega ekki að sinna skyldustörfum sínum.

Ég hvet bæjarbúa til að koma til liðs við okkur í Í-listanum og taka þátt í að byggja upp öflugt sveitarfélag sem er í forystu á Vestfjörðum og hefur alla burði til að sækja fram af fullum krafti. Valið stendur einfaldlega um ríkisstjórnarflokkana, Framsókn og Sjálfstæðisflokk sem nú eru við völd í bænum eða Í-listann, hið nýja skapandi afl sem býður fram krafta sína í þágu fólksins. Hættum að taka fæin hænuskref í einu og slá upp tilefnislausum veislum til að skála fyrir einu og hálfu stöðugildi sem vinnst á móti þeim tugum sem hafa tapast vegna óbyggðastefnu ríkisstjórnarinnar. Tökum heldur stökkið upp á við og sækjum fram af krafti með Í-listanum. Þá mun verða veður til að skapa í Ísafjarðarbæ.

Bryndís Friðgeirsdóttir.

Þriðja kynslóð heimasíðu Ísafjarðarbæjar komin í gagnid

Nýr vefur Ísafjarðarbæjar var formlega opnaður í Safnahúsinu á Ísafirði í síðustu viku. Er þetta þriðja kynslóð heimasíðu sveitarfélagsins og er þar að finna ýmsar nýjungar. Meðal annars má nefna auknið aðgengi fyrir sjónskerta og blinda, leitarvél með loftmyndum af bæjarkjörnum í Ísafjarðarbæ, bæjarstjórablogg og fyrirsparnarform fyrir nýbúa þar sem hægt er að senda inn fyrirsparnir sem varða málefni sveitarfélagsins á ensku, taílensku, pólsku, sænsku, serbó-króatísku og spænsku.

Í ávarpi Halldórs Halldórssonar bæjarstjóra við opnun

vefsins kom fram að nýjum vef sé ætlað að kynna starfsemi bæjarins og gera hana sýnilegri íbúum Ísafjarðarbæjar sem og öðrum gestum vefsins. Með nýjum vef er einnig hafin þróunarvinna þar sem stigin verða skref í átt að rafrænni stjórnsýslu. Í næstu lotu verður hægt að senda inn umsóknir rafrænt og einnig verður unnið að því að útbúa eigin svæði fyrir íbúa, þar sem hver loggar sig inn líkt og í netbanka, og getur fylgst með sínum málum. Væntanleg er einnig leitarhæfur gagnagrunnur sem geymir upplýsingar um öll fyrirtæki í Ísafjarðarbæ. Það er markmið

okkar að vefurinn verði lifandi og öflugt samskiptatæki í stöðugri þróun.

Upphaflega var vonast til að vefurinn yrði kominn í gagnid síðasta haust, en það brást af mörgum ástæðum, m.a. vantaði samhæfðar upplýsingar frá Ísafjarðarbæ um ýmis svið og einnig urðu tafir hjá þjónustuaðilanum við uppbyggingu síðunnar. Útgáfufyrirtækið Íslensk fyrirtæki ehf. sér um uppsetningu síðunnar. Síðuna sem hefur verið í notkun undanfarna ár smíðaði Snerpa en þá fyrstu gerði Jóhann Hinriksson forstöðumaður Safnahússins á Ísafirði. – thelma@bb.is



Margir gestir voru viðstaddir opnunina.

Ellefu hundruð manns skrifuðu undir yfirlýsingu um stóriðjulausa Vestfirði

Á ellefta hundruð undirskriftir söfnuðust á stuðningsyfirlýsingu um stóriðjulausa Vestfirði á sýningunni Perlan Vestfirðir, dagana 6–7. maí. Að yfirlýsingunni stóðu nokkur af helstu náttúruverndarsamtökum á Íslandi, auk einstaklinga. Tildrög yfirlýsingarinnar var boð Fjórðungssambands Vestfjarða til sam-

starfshóps helstu náttúruverndarsamtaka landsins sem stóðu að ráðstefnunni „Orkulindin Ísland - Náttúra, mannauður og hugvit“, sem haldin var á Hótel Nordica 10. mars. Starfshópurinn tók einnig þátt í málþingi um breytta atvinnustefnu á Vestfjörðum sem haldin var á Hótel Loftleiðum 7. maí sl. í tengslum

við sýninguna Perlan Vestfirðir. Eins og kunnugt er hefur mörgum orðið tíðrætt um það upp á síðkastið að lýsa Vestfirði stóriðjulausa, og þá séríslagi bæjarstjóranum á Ísafirði, Halldóri Halldórssyni. Fyrir skemmstu lýsti svo bæjarstjórn Vesturbýggðar yfir vilja sínum til að styðja slíka tillögu. Ekki hefur orðið vart

við að hugmyndin njóti verulegrar andstöðu nokkurs staðar í fjórðungnum, ekki að svo komnu að minnsta kosti. Yfirlýsingin er svohljóðandi: „Atvinnustefna sem byggir á sjálfbærri þróun og grundvallar hagsæld sína og nýsköpun á eigin frumkvæði, þekkingu og sögulegri hefð, í

sátt við náttúruna, mun efla vestfirsk byggðarlög og atvinnulíf til langframa. Slík sérstaða getur orðið stolt Vestfirðinga og mun reynast fyrirmynd annarra samfélaga heima og heiman og þannig gott veganesti til markaðssetningar. Við undirrituð heitum því að leggja Vestfirðingum lið við að koma í framkvæmd

þessari framsæknu stefnu Fjórðungssambandsins að lýsa Vestfirði stóriðjulaust svæði. Með þessari stefnu yfirlýsingu er stigið mikilvægt skref í þá átt að skapa á Vestfjörðum þekkingarsamfélag með sjálfbærni að leiðarljósi. Megi hún verða öðrum landshlutum og Íslandi öllu til eftirbreytni.“ – *eirikur@bb.is*

Ísfirskur Íslandsmeistari

Ísfirðingurinn Marínó Freyr Arnórsson varð Íslandsmeistari í 90 kg flokki í kraftlyftingum í síðasta mánuði. Mótið var haldið í Garðaskóla í Garðabæ 22. apríl sl. og lyfti Marínó alls 640 kg. Marínó hefur æft lyftingar í yfir tíu ár og hefur gengið mjög vel á mótum. „Ég hef tvisvar áður keppt á kraftlyftingamóti. Fyrst lenti ég í 3. sæti, svo 2. sæti og núna í 1. sæti“, segir Marínó. Hann segist ætla að halda áfram að keppa en að engin mót séu á næstunni. Nokkur ný Íslandsmet voru sett á mótinu í Garðaskóla, m.a. í kvennaflokki og öldungaflokki. Dómarar á mótinu voru Geir Þórólfsson og Guðrún Bjarnadóttir.

Styrkir Sjávarþorpið

Verkefnið Sjávarþorpið Suðureyri – The Original Fishing Village hefur fengið 500.000 króna styrk úr sjóðnum Átak til atvinnusköpunar. Stjórn sjóðsins lagði til að verkefnið fengi styrkinn og staðfesti Valgerður Sværisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra tillöguna. Styrkurinn er háður því skilyrði að Sjávarþorpið Suðureyri taki þátt í klasaverkefni Impru nýsköpunarmiðstöðvar.

Samþykkja byggingarleyfi fyrir 820 fermetra reiðhöll

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt byggingarleyfi fyrir 820 fermetra reiðhöll á 6.600 fermetra lóð að Söndum í Dýrafirði. Viljayfirlýsing milli bæjarins og Hestamannafélagsins Storms um stuðning við byggingu reiðhallarinnar var undirrituð fyrir skemmstu. Ísafjarðarbær mun leggja til fjárframlag að upphæð 6,3 milljónir króna sem skiptist þannig að styrkur vegna byggingarleyfisgjalda greiðist á árinu 2006 og eftirstöðvar greiðast á árunum 2007-2009. Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar mun tryggja að í fjárhagsáætlun hvers þessara ára verði gert ráð fyrir greiðslum til Storms. Grundvöllurinn fyrir samkomulaginu er sá að Stormur fari í framkvæmdir við byggingu reiðskemmu á Söndum í Dýrafirði og að framkvæmdahraði verði eðlilegur. Hestamannafélagið Hending hefur einnig hug á að byggja reiðskemmu. Á fundi sínum 3. apríl sl. fól bæjarráð bæjarstjóra að ganga frá viljayfirlýsingu milli Ísafjarðarbæjar og Hestamannafélagsins Hendingar um byggingu reiðhúss á svæði félagsins í Engidal í Skutulsfirði. Á sama fundi lagði bæjarráð til við bæjarstjórn að vegna reglna um úthlutun styrkja af hálfu



Frá undirritun viljayfirlýsingarinnar á dögunum.

landbúnaðarráðuneytis við byggingu reiðhúsa, verði samþykkt frá því í september um að komið verði að verkefninu með því skilyrði að um sé að ræða framlag til einnar reiðhallar í Ísafjarðarbæ, sem hestamannafélagin hafa komið sér saman um að reisa á Söndum í stað reiðhallar í Engidal í Skutulsfirði, endurskoðuð þannig að hesta-

mannafélagið Hending hafi tækifæri til að sækja um framlag til landbúnaðarráðuneytis til byggingar reiðhallar í Engidal kjósi félagið að sækja um. Hestamannafélagið Hending kom á sínum tíma með athugasemd vegna samþykktar bæjarstjórnar þess efnis að félagið hygðist, þrátt fyrir byggingu reiðhallar í Dýrafirði, reisa sjálft reiðhöll í Engidal.

Óska eftir tilboðum í snjómokstur

Vegagerðin hefur óskað eftir tilboðum í snjómokstur ásamt stjórnun og eftirliti með snjómokstri á Vestfjarðarvegi frá Þingeyri að jarðgöngum í Breiðadal, á Flateyraryggi, Súgandafjarðarvegi, Svalvogavegi, Ingjaldssandsvegi, Öndurarfjarðarvegi, Val-

þjófsdalsvegi og nokkrum heimreiðum að bæjum í Öndurarfirði. Í útboðinu er miðað við tímabilið 2006-2009 og gert er ráð fyrir að á hverju ári verði snjómokstur með vörubíreiðum á 32 þúsund kílómetrum, og snjómokstur með

vinnuvélum verði í 480 klukkustundir. Þá er gert ráð fyrir akstri eftirlitsbíla upp á 12 þúsund kílómetra. Verki skal að fullu lokið 30. apríl 2009. Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Dagverðardal á Ísafirði og Borgartúni 7 Reykjavík (móttaka) frá og

með mánudeginum 15. maí 2006. Verð útboðsgagna er 2.000 kr. Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudeginum 30. maí 2006 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag. – *eirikur@bb.is*



Soffía ráðin skólastjóri

Soffía Vagnsdóttir athafnakona og oddviti bæjararmálaráðs Bolungarvíkur hefur verið ráðin skólastjóri Grunnskólans í Bolungarvík en hún var eini umsækjandinn um stöðuna. Fyrir nokkru var staða skólastjóra við Grunnskóla Bolungarvíkur auglýst laus frá og með 1. ágúst n.k. en umsóknarfrestur rann út 7. maí síðastliðinn. Á fundi bæjarstjórnar Bolungarvíkur í síðustu viku bauð stjórnin Soffíu velkomna til starfa í stöðu skólastjóra og óskaði henni velfarnaðar. Hún tekur við af Kristínu Ósk Jónasdóttur sem starfað hefur sem skólastjóri frá árinu 2004. Skólastarf í Bolungarvík er öflugt og hefur grunn-skólinn skipað sér fremst skóla á Vestfjörðum á samræmdum prófum mörg undanfarin ár. Skólinn er einsetinn og stunda um 140 nemendur nám við skólann í 1.-10. bekk. Unnið er eftir stigsnámskrá og skólinn tekur þátt í Olweusarverkefninu. – *thelma@bb.is*

Einn þekktasti skíðagöngumaður Noregs mælir með Fossavatnsgöngunni

Håvard Skorstad er einn af þekktustu skíðagöngumönnum Noregs, og á að baki langan og farsælan feril bæði í norska landsliðinu og með Team Fast, hefur gefið Fossavatnsgöngunni góð meðmæli. Skorstad, sem tók þátt í Fossavatnsgöngunni á dögunum,

hefur í gegnum tíðina keppt á mótum um allan heim, bæði í heimsbikarnum og í almenningsgöngum. Á norsku vefsíðunni langrenn.com bendir hann á að þátttaka í skíðamótum sé upplagður máti til að kynna veröldinni og að nú sé hægt að

keppa á skíðum allan ársins hring ef fólk hefur tök á að ferðast. Hann birtir líka lista yfir fimm göngur sem allt skíðafólk verður að upplifa og er Fossavatnsgöngan ein af þeim. Þar er Fossavatnið í góðum félagskap, en aðrar göngur á listanum eru Vasa-

gangan í Svíþjóð, Marcia-longa á Ítalíu, Kínverska Vasagangan og skíðamaraþonið á Svalbarða. „Þetta eru frábær meðmæli með Fossavatninu, því eins og áður segir hefur Skorstad tekið þátt í mótum um allan heim, þ.á.m. flestum frægustu

almenningsgöngum heims, og því af nógu að taka þegar hann setti saman listann“, segir fossavatn.com. Fossavatnsgangan var nú í fyrsta sinn á mótaskrá Alþjóðlega skíðasambandsins (FIS) og er síðasta mótið í FIS Nordic Ski Marathon Cup

mótaröðinni sem samanstendur af fjórum norrænum skíðagöngumótum í Noregi, Finnlandi, Svíþjóð og Íslandi. Fossavatnsgangan er bæði elsta og fjölmennasta skíðagöngumót landsins en hún var fyrst þreytt árið 1935. – *thelma@bb.is*

Smáauglýsingar

Til leigu eða sölu er 3ja herb. íbúð á Ísafirði. Laus strax. Uppl. í síma 863 4721.

Reglusöm fjölskylda óskar eftir að leigja 3-4ra herb. íbúð frá júlí. Nánari uppl. í síma 456 4321 eftir kl. 18 eða á netfanginu heimir.hansson@unb.ca

Til sölu er Toyota Hiace árg. 04, ekinn 104 þús. km., með sæti fyrir 5 farþega. Upplýsingar í síma 893 1058.

Til sölu eru fjögur sumardekk (255/70K) 16". Einnig 15" stálfelgur (svartar) undir Passat. Uppl. í síma 696 1002.

Til sölu er klassískt borð frá India. Verð kr. 15.000. Uppl. gefur Rolando í síma 867 2724.

Til sölu er Skoda Felicia Compi árg. 97, ekinn 64 þús. km. Nýskoðaður, vetrardekk á felgum fylgja. Ásett verð kr. 250 þús. Uppl. í síma 456 3800 og 456 3364.

Til sölu er 3ja herb. íbúð á besta stað í bænum. Upplýsingar í síma 663 7382.

Til sölu er nýr hornsturtuklefi, stærð 80x80. Uppl. gefur Sólvæig í síma 699 8710.

Til sölu er nýr, ljósbrúnn, 3ja sæta söfi á kr. 40 þús. Upplýsingar í síma 869 1494.

Til sölu er húseignin að Seljalandsvegi 68 sem er sex svefnherbergi og stofa. Upplýsingar í síma 864 1410.

Til sölu er Toyota Corolla árg. 96. Fjögur nagladekk á felgum fylgja. Uppl. í síma 867 9217.

Sparaðu fjármuni með áskrift!

Kirkjustarf

Súðavíkurkirkja: Jaebesarstund kl. 17 á sunnudag. Þorsteinn Haukur Þorsteinsson flytur eigin lög og ljód og sr. Valdimar Hreiðarsson flytur hugvekjú tengda efninu.

Ísafjarðarkirkja: Fermingarguðsþjónusta verður í Ísafjarðarkirkju sunnudaginn 28. maí kl. 11:00. Prestur er sr. Skúli S: Ólafsson. Kór Ísafjarðarkirkju syngur undir stjórn Huldu Bragadóttur.



Hópurinn prúði sem sópaði að sér verðlaunum á Íslandsmeistaramóti í grunnsporum.

Bolvískir dansarar sópuðu að sér verðlaunum

Hópur dansara frá Ungmennafélagi Bolungarvíkur kom heim með tvenn gull-, tvenn silfur- og tvenn bronsverðlaun eftir þátttöku í Íslandsmeistaramóti dans-íþróttasambandsins í grunnsporum sem haldið var í Laugardalshöll um helgina. „Börnin stóðu sig mjög vel. Við tókum þátt fyrir tveimur árum með góðum árangri en tókum þetta með trompi núna“, segir Laddawan Dagbjartsson dans-

kennari.

Sextán börn tóku þátt en 32 æfa dans í Bolungarvík. Keppendur komu víða af landinu en dómaramen voru frá Danmörku, Englandi Noregi, Þýskalandi og Svíþjóð. Systurnar Hanna Björg Reynisdóttir og Ragnheiður Sjöfn Reynisdóttir fengu gull í flokknum 15-16 ára, bæði í latín og standard dansi. Amel Rós Magnúsdóttir og Steinunn María Halldórsdóttir

fengu silfur í flokknum 9 ára og yngri. Björgúlfur Egill Pálsson og Kristín Hálfðánardóttir fengu silfur í flokknum 12-13 ára og í flokknum 10-11 ára fengu Tinna Guðmundsdóttir og Þórunn Emma Sigurðardóttir bronsverðlaun bæði í latín og standard dansi.

Þess má geta að Sparisjóður Bolungarvíkur styrkti ferðungu dansaranna og greiddi skráningar og keppnisgjald allra barnanna. — thelma@bb.is

Aukning í löndun þorsks

Þrjátíu og sjö tonnnum meira var landað af þorski á Vestfjörðum í apríl í ár en í fyrra, en 1.696 tonnnum var landað í ár á miðað við 1.659 tonnnum í fyrra. Þetta er aukning um 2,2%. Á sama tíma var 381 tonni af ýsu landað í ár, á miðað við 547 tonn í fyrra, en það er samdráttur um rúm 30%. Af karfa var 244 tonnnum landað í apríl í ár á miðað við 210 tonn í fyrra. Það er aukning um 16,2%. Alls var landað 1.657 tonnnum af steinbít í apríl í ár, en 1.722 tonnnum var landað á sama tíma í fyrra og gerir það samdrátt upp á 3,8%. Af

grálúðu var landað 97 tonnnum í apríl í ár, en á sama tímabili í fyrra var landað 164 tonnnum, en það er samdráttur upp á tæplega 41%. 252 tonnnum af rækju var landað í apríl í fyrra, en engri í ár.

Ef lítið er til tímabilsins frá áramótum þá var 9.000 tonnnum af þorski landað á Vestfjörðum frá janúar og fram í apríl, en á sama tíma í fyrra var 8.418 tonnnum landað. Það er aukning um tæp 7%. Af ýsu var 3.275 tonnnum landað á tímabilinu í ár, en 3.290 í fyrra og er það samdráttur um 0,5%. Af karfa var 626 tonn-

um landað á tímabilinu í ár á miðað við 500 tonnnum í fyrra, og er það aukning um 25% á milli ára. Alls var 3.545 tonnnum landað af steinbít á tímabilinu í ár, en 3.977 á sama tíma í fyrra. Það er samdráttur um tæp 11% á milli ára. 527 tonnnum var landað af rækju á tímabilinu í fyrra, en einungis tveimur tonnnum hefur verið landað af rækju í ár.

Tölurnar eiga allar við fisk sem er veiddur á íslenskum miðum, þær koma frá Hagstofunni og miðast við fyrstu fjóra mánuði árána 2005 og 2006. — eirikur@bb.is

Gámaþjónusta Vestfjarða

Vill byggja gámasvæði

Gámaþjónusta Vestfjarða hefur lagt fram tilboð í gerð gámasvæða á Flateyri, Suðureyri og Þingeyri, sem og tilboð í sorphirðu, urðun á óbrennanlegu sorpi, gámahreinsun og uppbyggingu nýrra gámasvæða. Í tilboðinu felst að gámasvæðin verði byggð í sumar. Um er að ræða 1.400 fermetra malbikað svæði með rúmlega 2 metra hárrí girðingu.

Bæjartæknifræðingur Ísafjarðarbæjar lagði til við bæjarráð að samið verði við Gámaþjónustuna um uppbyggingu nýrra gámasvæða og sá samningur verði til 10 ára en að þeim tíma loknum eignist Ísafjarðarbær svæðin. Samkvæmt drögum sem lögð voru fram á fundi bæjarráðs á dögunum yrði leigu-

kostnaður á mánuði á hvert svæði 248.744 krónur til fimm ára og 150.321 krónur til tíu ára. Þá lagði Gámaþjónusta Vestfjarða einnig fram tilboð í sorphirðu, urðun á óbrennanlegu sorpi og gámahreinsun í Ísafjarðarbæ. Bæjartæknifræðingur lagði til að samið verði við Gámaþjónustu Vestfjarða um sorphirðu til eins árs meðan verið er að undirbúa útböðsgögn.

Í bókun fundarins kemur fram að bæjarráð telur hugmyndir bæjartæknifræðings um uppbyggingu gámasvæða vera áhugaverðar og felur honum að afla frekari upplýsinga um verðsamburð við önnur sveitarfélög, sem og lagalegar heimildir.

— thelma@bb.is

Áskriftarsíminn er 456 4560

Ferming í Ísafjarðarkirkju

Tvö börn verða fermd í Ísafjarðarkirkju sunnudaginn 28. maí kl. 11:00. Skeytasalan í skátaheimilinu opin frá kl. 12:00 - 14:00. Einnig er hægt að hringja inn skeytapantanir í síma 456 3282. Eftirtaldin börn verða fermd. Nöfn foreldra eru undir nöfnum fermingarbarnanna.

Silja Rán Guðmundsdóttir, Brautarholti 6, 400 Ísafirði
Jóna Lind Karlsdóttir, Guðmundur Kristjánsson
Daníel Ingi Gunnarsson, Smiðjugötu 6, 400 Ísafirði
Kristjana Jónasdóttir, Gunnar Árnason

STAKKUR SKRIFAR

Hver verður framkvæmdastjóri?

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Nú styttist í kosningar og þegar þessi orð ber fyrir augu þín lesandi góður eru þrír dagar til sveitarstjórnakosninga. Kosningabaráttan hefur verið skömm, enda styttist óðum sá tími er flokkar og frambjóðendur verja til að kynna mál sín fyrir kjósendum. Margt kallar að og áhuginn er ekki sá sami og fyrir áratug, hvað þá heldur fyrr. Framboð eru enn að vinna að málefnaþrá eða málaskrá eins og stefnuskrár heita nú. Munur minnkar milli framboða. Allir leita á miðjuna þar sem við kjósendur viljum helst vera ef marka má skoðanakannanir. Hver á að stýra skútu sem höndlar með tvo milljarða króna af skattfé?

Hér er lesandi góður, vísað til Ísafjarðarbæjar, stærsta og öflugasta sveitarfélags á Vestfjörðum. Við kjósum. Segja má að um sé að ræða sameignarfélag í eigu íbúa allra. Stjórnin, í þessu tilviki bæjarstjórn, fer með mikið fé og miklar eignir. Frambjóðendur eru allir í öðrum störfum að meira eða minna leyti og aðeins einn þeirra sem nú býður sig fram hefur atvinnu sína af stjórn sveitarfélags, oddviti Sjálfstæðisflokks. Á engan er rýrð varpað þótt hann sé tilgreindur hér. Engu almenningshlutfélagi er stjórnað af manni úti í bæ, kennara, félagfræðingi, lækni eða hjúkrunarfræðingi, sem hefur það að aðal atvinnu sinni að kenna, sinna vandamálum fólks, lækna eða hjúkra því. Til þess að fara með féð eru ráðnir atvinnumenn á sviði fésýslu.

Nú kann einhver að segja að þessi skrif bendi til þess að núverandi bæjarstjóri fái hér sérstakan stuðning. Svo er ekki. Hann er hins vegar boðinn fram sem stjórnandi og það reyndar atvinnustjórnandi á sínu sviði. Sá sem kys listann er bæjarstjórnin leiðir veit að hverju hann gengur. Hinir frambjóðendurnir ætla að auglýsa eftir bæjarstjóra. Gott og vel. En þar er ávisunin óútfyllt. Við afsöllum okkur völdum um leið og atkvæði greitt slíku framboði dettur niður um rífu kjörkassans. Það er líka í lagi svo fremi að við gerum okkur grein fyrir þeirri staðreynd.

Athyglisvert er að skoða hvernig niðurstöður skoðanakannana lýsa skýri afstöðu til leiðtoga annars vegar í Reykjanesbæ og hins vegar í Hafnarfirði. Í fyrra tilvikinu eykur Sjálfstæðisflokkur stórlega við fylgi sitt og í hinu Samfylkingin. Valkostir eru þar skýrir. Kjósendur vita hvað þeir kjósa. Styrk stjórna á hvorum stað virðist falla fólki vel í geð, svo vel að fleiri vilja koma á vagninn og aka með inn í framtíðina. Framboðin fá aukid fylgi frá fyrri kosningum. Það segir tvær sögur. Sú fyrri að kjósendur eru viljugri nú en fyrr að skipta um skoðun og sú síðari að kjósendur líkt og hluthafar í almenningshlutfélagi vilja að sinna hagsmuna sé gætt og þeir treysta þeim sem hafa sannað sig. Enn er óvitað hverjir verða bæjarstjórnar tveggja framboða á Ísafirði og höndla með milljarða nái þeir völdum.

Framtíðin er núna!

Kosningabaráttan er góður vettvangur til að horfa um öxl og meta hvernig til hefur tekist. Þannig er vert að spyrja, erum við betur eða verr sett núna en fyrir fjórum árum? Væntanlega vega flestir reynsluna hingað til og framtíðarsýn framboðanna þegar gengið er inn í kjörklefann, en sjaldan hefur það verið mikilvægara en nú að ný bæjarstjórn lendi á fótunum hlaupandi og fari beint að vinna í framtíð bæjarins. Það er fullt að gerast í bænum og ef bæjarstjórnin hagar ekki vinnunni í samræmi við það er hætt við að sú uppgangshreyfing sem nú er í gangi endi utan vega.

Vítahringur neikvæðra væntinga rofinn

Fólksfjöldun skapar störf líkt og fólksfækkun eyðir störfum. Hvert okkar kallar á vissa þjónustu og þess vegna má segja að hver sá sem flytur í bæinn taki með sér hluta úr starfi í formi eftirspurnar og sama gildir um þá sem flytja á brott. Þetta undirstrikar vel vandann, eða sóknarfærið, sem við er að eiga því breytingar á íbúafjölda hafa í för með sér keðjuverkandi áhrif. Til viðbótar er svo þáttur væntinga þar sem skortur á tiltrú dregur úr fjárfestingu, sem hefur neikvæð áhrif á atvinnulíf, þar með fækkar störfum, fólk flytur í burtu og vítahringur festist í sessi.

Frá árinu 2001 hefur íbúafjöldi Ísafjarðarbæjar haldist nokkuð stöðugur í kringum 4.100 manns eftir hraða fólksfækkun árinna á undan. Enn er samt fækkunarferlið í gangi þó mun hægar sé en áður.

Sterk teikn eru þó á lofti um að tekist hafi að eyða þeim neikvæðu væntingum sem hömluðu bæði einkafjárfestingu og fjárfestingu opinberra aðila á svæðinu. Sést þetta á



Kristinn Hermannsson. nýbyggingu íbúðarhúsnæðis og nýjum opinberum störfum. Þannig hefur vítahringurinn verið rofinn og fyrirsjáanlegt að tímabil vaxtar sé framundan.

Vöxtur festur í sessi

Ísafjarðarbær þarf því að takast á við allt önnur úrlausnarefni en áður. Nú er höfuðatriði að trúverðugleiki væntinga um vöxt sé undirbyggður með ráðstöfunum sem gera sveitarfélaginu kleift að taka við fleira fólki og nýjum verkefnum, jafnt úr einkageiranum sem opinbera geiranum. Nýtt skipulag á Suðurtanga er gott dæmi um þetta. Þar eru lögð drög að vaxtarými fyrir fólk, fyrirtæki og stofnanir. En hvað svo? Næsta bæjarstjórn þarf að svara því hversu miklum vexti verður hægt að anna og hvernig. Hvar er byggingarland? Hvernig verður þjónustuframboð aukið? Verða lagðar grænar áherslur með þéttri byggð og hjólastígum eða verða einbýlishús með tvöföldum bílskúr málið?

Í þessi úrlausnarefni þarf að ráðast svo ráðagerðirnar séu trúverðugar, svo takist að laða að fólk og verkefni. Þeir sem ætla að hanga í baksýnispeglinum eða bíða og sjá breyta engu. Hér gildir að hika er sama og tapa.

Betri spil á hendi

Staðreyndin er sú að við erum mikið betur sett en fyrir fjórum árum. Bæði hefur náðst góður áþreifanlegur árangur og, það sem er ekki síður mikilvægt, við höfum mikið betri spil á hendi. Það setur enginn pening í vonlaust dæmi og þess vegna skiptir höfuðmáli hvernig Ísafjarðarbær hefur sannað á síðustu árum að hann er þvert á móti þess virði að fjárfesta í. Þannig fallast sífellt fleiri á það sjónarmið, að það sé ekki einungis réttlætismál heldur gott mál að byggja svæðið upp. Að sama skapi vitum við af þeim sem fylgjast hljóðir með og bíða eftir að hreyfingin renni út í sandinn.

Endurhæft samfélag

Hver einasti bæjarbúi á skilið að veita sér klapp á bakið fyrir þá samfélagslegu endurhæfingu sem hefur átt sér stað, frá verksmiðjumóral yfir í frumkvöðlaanda, þar sem fólk fjárfestir í eigin framtíð í gegnum nám, atvinnurekstur og húsbyggingar.

Hér hefur margt lagst á eitt en telja má víst að þróunin hefði verið á annan veg hefði ekki verið samhentur bæjarstjórnarmeirihluti við völd sem gat valdið leiðtogahlutverkinu. Að minnsta kosti á Ísafirði er saga bæjarstjórnarinnar undirlögð smákónaati og vonandi er góð reynsla síðustu ára sönnun þess að við séum varanlega risin upp úr því fari.

Við vitum hvað við höfum og sú reynsla er góð. D-listinn undir forystu Halldórs Halldórssonar hefur komið hreyfingu á hlutina undir erfiðum kringumstæðum. Framtíðin er björt og við þurfum fólk til forystu sem sættir sig við það!

– Kristinn Hermannsson.



Kjörfundur í Ísafjarðarbæ

Kjörfundur vegna sveitarstjórnarkosninga fer fram laugardaginn 27. maí 2006. Kjörfundur hefst í öllum kjördeildum kl. 10:00 og lýkur kl. 22:00.

Kosið verður í Ísafjarðarbæ í sex kjördeildum á eftirtöldum stöðum:

Ísafjörður: (1.-3. kjördeild)

Kosið verður í Grunnskólanum á Ísafirði og þar verða þrjár kjördeildir fyrir þá sem búa á Ísafirði, Hnífsdal og Æðey.

Suðureyri: (4. kjördeild)

Kosið verður í Félagsheimilinu á Suðureyri. Þessi kjördeild er fyrir þá er búa í Súgandafirði.

Flateyri: (5. kjördeild)

Kosið verður í Grunnskólanum á Flateyri. Þessi kjördeild er fyrir þá er búa í Önundafirði.

Þingeyri: (6. kjördeild)

Kosið verður í Félagsheimilinu á Þingeyri. Þessi kjördeild er fyrir þá er búa í Dýrafirði, Arnarfirði og á Ingjaldssandi.

Yfirkjörstjórn vekur athygli kjósenda á ákvæði 55. gr. laga nr. 5/1988, en þar segir:

„Kjósandi skal gera kjörstjórn grein fyrir sér á kjörstað með því að framvísa kennivottorði eða nafnskríteini eða á annan fullnægjandi hátt að mati kjörstjórnar. Ef hann þannig á rétt á að greiða atkvæði samkvæmt kjörskránni afhendir fulltrúi í kjörstjórn honum einn kjörseðil.“

Athygli er vakin á því að kjósandi sem ekki hefur meðferðis persónuskilríki getur átt von á því að fá ekki að greiða atkvæði.

Yfirkjörstjórn Ísafjarðarbæjar hefur á kjördag aðsetur í Grunnskólanum á Ísafirði, sími 897 6797.

Talning atkvæða hefst í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði að kjörfundi loknum laugardaginn 27. maí 2006 og er öllum opin.

Yfirkjörstjórn Ísafjarðarbæjar

Björn Jóhannesson,

Fylkir Ágústsson,

Smári Haraldsson.



Gleðin var við völd í leikfiminna á Silfurtorgi.

Leikfimi á Silfurtorgi

Eldri borgarar nýttu góða veðrið í síðustu viku og liðkuðu sig á Silfurtorginu á Ísafirði. Ýmsar æfingar voru þar gerðar undir styrki stjórn Steingríms Þorgeirssonar sjúkraþjálfara. Aðrir íbúar Ísafjarðarbæjar eru hvattir til að taka eldri borgarana sér til fyrirmyndar og fara út í vorið og góða veðrið og liðka líkamann eftir veturinn kalda.



Sveitarstjórnarkosningar í Bolungarvík 2006

Kjörfundur vegna sveitarstjórnarkosninganna, þann 27. maí 2006, verður haldinn í fundarsal Ráðhúss Bolungarvíkur að Aðalstræti 12.

Kjörfundur hefst kl. 10:00 árdegis og stendur til kl. 22:00 síðdegis. Talning atkvæða fer fram í Ráðhússalnum að kjörfundi loknum.

Yfirkjörstjórnin í Bolungarvík

Anton Helgason,

Sólrun Geirsdóttir,

Halldóra Óskarsdóttir.

Mai

tilboð

Office 1
33.900,-

17" HP LCD skjár

- HP L1706 17" TFT LCD
- Stærð: 17" TFT Active Matrix fæla skjá
- Útgáfa: 1280x1024 60Hz
- Samhverf: 147/148/130/100mm
- Þykkt: 5,24mm
- Anti-Glare/anti-Static
- Plug and play
- 3-yrðri 3-yrðri

Office 1
Adels 199,-

ÓTRÚLEGT VERÐ

Office 1
Adels 149,-

ÓTRÚLEGT VERÐ

Office 1
Adels 9.900,-

ÓTRÚLEGT VERÐ

Office 1
Adels 4.995,-

Office 1
Adels 2.990,-
4.490,-
7.890,-

Office 1
Adels 495,-

20 stk. í pakka

ÓTRÚLEGT VERÐ

ÓTRÚLEGT VERÐ

Office 1 Superstore

Flogið yfir Hetjuhöll með stolnum fjöðrum

Vestfirðir og veruleikinn þar ólu tíðum af sér afreksmenn. Flestir undu þeir heimavið enda akurinn frjór og samfélagið framsækið. Það besta var viðmiðið. Ekkert annað álitlegt. Sjaldnast annað að sækja utan æðri menntunar. Þeir sem þráðu hana flugu á brott á vit ævintýranna. Flugu á þéttum fjöðrum þekkingar og eigin verka. Flugu hvert sem hugurinn girntist. Voru víðast hvar aúfúsugestir. Til áhrifa fallnir. Ekki allra, enda baráttuglaðir. Aðeins það besta.

Þeir sem heima sátu tókust á við lífið og að halda lífi. Sjaldnast var það friðsæl veröld. Það er lítið skjól fyrir þann er fremstur fer. Kröfuhart samfélag, til sjálf sín og annarra, skapaði framfarir sem horft var til úr fjárlæð.

Þegar járnaldrið eysra féll var talið að með hefði fallið skefjalaus persónudýrkun sem grafið hafði um sig þar eysra áratugum saman. Þá sjaldan að slíks hafa sést merki síðan, hefur að því verið hent gaman víðast hvar. Hefur þar engu skipt hvor í hlut hafa átt Castro hinn kúbverski eða synir sól- arinnar, Kim Il Sung norð- lenskur Kóreubúi eða Türk- menbashi, faðir sólargeisl- anna. Fram til síðustu daga hefur því aðeins verið haldið í heimasveitum áður nefndra að þá aðeins kæmi sólin upp er þeir hafa stigið fram úr rúmum sínum.

Þessi sannindi rifjuðust upp brottfluttum Ísfirðingi við lestur greinar er háskólanemi í Danmörku skrifaði á dögum á bb.is. Sá lestur sannfæri mig um að seint skyldi slakað á kröfum til háskólanema um höndlun staðreynda og túlkun þeirra. Ég vona allra vegna að þann hluta námsins eigi þessi háskólanemi algjörlega eftir. Ég trúi ekki öðru.

Nú er það mér þvert um geð sem brottfluttum að hlustat til um mál þeirra er eftir sitja. Slíkt er ekki til efturbreytni. Þegar hins vegar farið er jafn frjálsglega með staðreyndir og áður nefndur háskólanemi gerir verður ekki undan vikist að segja frá því sanna. Sérstaklega þegar nýttar eru fjaðrir góðra samferðar- og samstarfs- manna minna til þess eins að flugbúa ófleyg för annarra.

Skulu nú nefnd nokkur dæmi úr hafsjö rangfærslna háskólanemans:

Það er rétt að undanfarin ár hafa verið mikil niðurlægings- arár fyrir íbúa Ísafjarðarbæjar. Þau hófust ekki 2002, eins og háskólaneminn segir, með sölu Básafells og gifurlegar aflaheimildir fóru í aðra lands- hluta. Þau hófust árið 1999 þegar ýmsir heimamenn og núverandi meirihluti bæjar-

stjórnar Ísafjarðarbæjar lögðust á eitt með vinalausum Snæfellingi sem hafði það eitt að markmiði að koma í burtu stærsta fyrirtæki sveitarfélagsins. Þar brást meirihlutinn bæjarbúum og í kjölfarið hurfu nálega 300 tekjuhæstu störf sveitarfélagsins. Og fleiri fyrirtæki fóru sem háskólaneminn kann betur skil á. Þetta gerðist þrátt fyrir aðvörunar- orð margra. Afleiðingarnar voru flestum ljósar frá fyrsta degi. Aðrir lokuðu augnum. Sumir eyrunum líka. Háskólaneminn segir að Ísfirðingar hafi vaknað upp við það í árs- byrjun 2003 að 9.000 fermetrar af atvinnuhúsnæði voru laus við Skutulsfjörð. Þetta er fjarri sanni. Nálega allir höfðu þá gert sér grein fyrir því í rúm- lega þrjú ár. Hvað vakti nem- ann á þessum tíma veit ég ekki. Aðeins þeir sem sofa á verðinum vakna upp við vöndan draum. Það varð í það minnsta hlutskipti þeirra sem sváfu þar til í ársbyrjun 2003. Sumir eru ekki vaknaðir enn- þá.

Af skrifum háskólanemans má skilja að sólargeislari hafi fyrst leikið við Ísfirðinga árið 1998. Meirihluti sólargeisl- anna sem tók við árið 1998 eyddi að sögn biðlistum leik- skóla. Eftir að leikskólinn Sól- borg tók til starfa hafa engir biðlista verið. Hann var form- lega tekinn í notkun í ársbyrj- un 1998. Þá riðu aðrir stjórn- endur um héröð Ísafjarðar- bæjar. Meirihluti sólarinnar hefur því engum biðlistum eytt. Með einbeittum vilja hef- ur honum hins vegar tekist að hækka allar gjaldskrár leik- skóla sveitarfélagsins þannig að um nokkrur ára skeið hef- ur hvergi á landinu verið dýr- ara að nýta sér þessa sjálf- sögðu þjónustu.

Þeir sem telja ásýnd bæjar- ins í umhverfismálum hafa batnað hafa tæplega átt leið um Suðurtanga né margra annarra staða í sveitarfélaginu þar sem umhverfismálum hef- ur hnignað mjög.

Á árunum 1994-1998 voru teknar ákvarðanir í bæjar- stjórn sem lögðu grunn að mikilli sókn Grunnskólans á Ísafirði í innra starfi. Einnig var haldið áfram vinnu í húsnæðismálum skólans. Því miður hefur lítið sem ekkert gerst í húsnæðismálum skólans undanfarin átta ár. Það litla sem gert hefur verið er ákaflega tilviljanakennt. Fjárf- ramlög til grunnskólanna í bæjarfélaginu eru þau lægstu á landinu á hvern nemanda. Það er því aðáunartvert fylg- ast með því hvernig starfsfólki skólanna hefur tekist að gera mikið úr litlu.

Framganga meirihlutans í



Halldór Jónsson.

málefnum Menntaskólans á Ísafirði verður þeim til ævar- andi skammar. Þar brugðust forystumenn sveitarfélagsins skólanum á örlagastundu. Vonandi verður hægt að bæta fyrir þann skaða. Grunnur var lagður að úrlausn húsnæðis- mála Tónlistarskólans löngu áður en núverandi meirihluti kom til valda og þrátt fyrir að formleg vígsla Hamra hafa verið eftir að núverandi meiri- hluti kom til valda kom sá meirihluti ekki að þeirri ákvar- ðanatöku.

Það vekur hins vegar at- hygli að Edinborgarhúsið er ennþá óklárað. Skýringin er sú að Ísafjarðarbær hefur ekki staðið við sinn hluta fjármögn- unar framkvæmda. Af ein- hverjum ástæðum minnst há- skólaneminn ekki orði á þetta mál.

Með minnkandi metnaði aukast líkur á misbrestum. Það var mikið fagnaðarefni þegar fréttist af nýbyggingu í miðbæ Ísafjarðar, sem síðar hlaut nafnið Neisti. Útlit þeirrar byggingar leiðir óneitanlega hugann að því hversu mikil- vægt er að metnaður ráði för þegar byggja skal upp. Að sú bygging hafi dregið Samkaup, Bónus og Húsasmiðjuna til bæjarins er sérkennileg full- yrðing í ljósi þess að verslun Samkaups opnaði síðla árs 1996 eða tæpum tveimur árum áður en núverandi meirihluti tók til starfa og enn fleiri árum áður en framkvæmdir við Neista hófust. Þegar Sam- kaupsmenn höfðu sannað að hér var hægt að reka verslun með hagnaði fylgdi fleiri aðil- ar í kjölfarið. Þar komu sólár- geislar meirihlutans ekkert við sögu.

Greinarhöfundur nefnir sölu Orkubús Vestfjarða og að sú ákvörðun hafi verið und- eild. Í þeirri setningu kemst greinarhöfundur næst sann- leikanum í grein sinni. Hann telur að söluandvirðið hafi gefið bæjarfélaginu byr og svigrúm sem vel hafi verið nýtt af meirihlutunum. Vissu- lega gaf salan svigrúm. Því miður var það ekki nýtt. Það er alunkna að þegar sveitarfé- lög selja eignir nýta þau sölu-

andvirðið til fjárfestinga og framkvæmda sem þau að öllu jafna hafa ekki burði til að fjármagna úr rekstri sínum. Sum framkvæma fyrst og selja síðan eignir til fjármögnunar. Fyrir síðustu bæjarstjórnar- kosningar kom fram hjá sum- um frambjóðendum að núver- andi meirihluti yrði aðeins sex ár að sóa þeim fjármunum sem fengust fyrir sölu Orkubúsins, ef ekki yrði breitt um stefnu. Þetta þótti bölsýni. Nú fjórum árum síðar kemur í ljós að þessi spádómur var tóm bjart- sýni. Um síðustu áramót hafði öllu söluandvirði Orkubúsins verið ráðstafað. Megnið af því hefur farið til þess að fjár- magna rekstur sveitarfélags- ins, sem meirihlutinn virðist ekki hafa neina stjórn á.

Framkvæmdir á vegum bæjarfélagsins á undanförnum átta árum hafa þrátt fyrir allt ekki verið meiri en eðlilegt getur talist af bæjarfélagi af þessari stærð. Það er ekki vin- sælt að tala um fjármál við kosningar en engu að síður nauðsynlegt. Á síðasta ári einu versnaði peningaleg staða bæjarfélagsins á rúmum 366 milljónir króna. Aðeins á þessu eina ári. Á síðustu tveimur árum hefur þessi staða versnað um 643 milljónir króna. Þannig að sjá má að staðan fer hratt versnandi. Enda nú þegar loks hafa verið boðnar út framkvæmdir við Grunnskólann á Ísafirði verð- ur að taka allan framkvæmda- kostnaðinn að láni. Þeim sem kenna slíka þróun við trausta fjármálastjórn verður senni- lega fátt til bjargar.

Svona mætti lengi telja hvað grein háskólanemans varðar. En hér skal látið staðar númið.

Aðeins það besta. Það var löngum krafa Vestfirðinga með Ísfirðinga í fararbroddi. Annað var undanhald. Á und- anförnum árum hefur skapast undarlegt andrúm í Ísafjarðar- bæ. Danski háskólaneminn kallar það tónlist sem fólkið vill heyra bæjarfélaginu til mikilla hagsbóta og veggauka í samfélaginu. Ég velti því fyrir mér hvort þarna sé verið að hæðast að stjórnendum bæjarfélagsins. Neminn hefur hins vegar verið þekktur af óhefðbundnum aðferðum við að koma ár sinni fyrir borð og því meinar hann þetta víst.

Metnaðarleysi hefur á und- anförnum árum grafið um sig. Með glórolausri sjálfumgleði og sjálfshóli eru viðmiðin orð- in slík að það er talinn stór- sigur þegar lítill moli hrekkur af allsnægtarborðinu syðra. Öðruvísi mér áður brá. Nú er komið að skuldadögum enn einu sinni. Nú hópast menn eins og danski háskólaneminn



TRYGGVI GUDMUNDSSON HDL
löggiltur fasteignasali

Matarnestrei 1 • Ísafirði • Sími 456 3244
Faxi 456 4547 • Netfangi eignir@fasteignasala.is
Heimasíða: www.fasteignasala.is



Sandstræti 36, Ísafirði. Tíu nýjar og rúmgóðar þrjúgla her- borga íbúðir sem standa vartanlega tilbúnar til afhendingar frá 15. október til 15. desember 2006. Iðulegar eru í tvímen- starðum, þær minni eru 97,7 m² auk sameignar og bílastað- is og stærri eru 118,9 m² auk sameignar og bílastaðs. Minni íbúðirnar kosta 16,2 mkr. og þær stærri 19,2 mkr.



112 m² einbýlishús á þessum herborgum. Sex svefnherbergi, fjópur í risabæ og töl í kjall- ara, skýringar í kjallara.

17.000.000,-



Vorlandshúsið í hjarta miðbæjarinnar á Ísafirði. Jarð- hús og kjallari, samtals 211,6 ferm. Húsnæðið er í góðu standi. Skýringar frá Söluafgreiðu.

19.000.000,-



200 m² einbýlishús á tvímen- ur herborgum með stórum inn- bygðum bílskúr og stórum garði. Fimm svefnherbergi, nýtt skýrarpark og meirihluta gólf.

19.000.000,-



152 m² einbýlishús á tvímen- ur herborgum með innbyggðum bílskúr, skýringar og bístól er klárar að nota með litríkum, alla- lundfengum.

11.000.000,-



67 m² þrjúgla herborga íbúð á jarðhúsi í þrjú íbúðir. Nýlegt baðherbergi og nýlegt gólf.

8.400.000,-

og keppast við að skreyta meirihluta síðustu átta ára stolnum fjöðrum. Slíkt er ekki fallegt. Það er hins vegar skilj- anlegt. Það er engar aðrar fjaðrir til.

Íbúar Ísafjarðarbæjar fá þá stjórnendur yfir sig sem þeir velja hverju sinni. Það hefur ekki verið af þeim tekið. Hverjir koma til með að stjórna Ísafjarðarbæ eftir kosningar ræðst í lýðræðis- legum kosningum. Það er óskastaða að hver sá sem fer að kjörborðinu hafi gert sér grein fyrir raunverulegi stöðu bæjarfélagsins og því mannlífi sem þar þrífst. Íbúar verða að

axla ábyrgð á gjörðum sinna sveitarstjórnarmanna. Það gerir enginn fyrir þá. Eins og rakið hefur verið verður það ekki skemmtileg aðkoma. Hún á hins vegar ekki að vefj- ast fyrir þeim sem koma að borði með heilbrigða skyn- semi og raunsætt mat á stöðu mála. Og metnaðinn í lagi. Kannski nægir kjósendum að rifja upp ævintýrið um nýju fótin keisarans.

Halldór Jónsson. Höfundur var bæjarfulltrúi í bæjarstjórn Ísafjarðar 1994-1996 og í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar 1996-1998.

Sölubörn óskast!

Sölubörn óskast til sumarafleysinga til að selja Bæj- arins besta á Ísafirði. Allar nánari upplýsingar veitir Sigurjón í síma 456 4560.

H-prent ehf.,

Fjölmenni á Draumi hins djarfa manns

Ráðstefna á vegum sjávarútvegsráðuneytisins var haldin í Háskólastræt Vestfjarða sl. laugardag undir heitinu Draumur hins djarfa manns. Að sögn Jóns Páls Halldórssonar ráðstefnustjóra mættu um 80 gestir og var það fram-
ar vonum skipuleggjenda. „Þetta gekk mjög vel og ég held að allir hafi verið ánægðir, ég hef ekki heyrt annað. Erindin voru hvert öðru fróðlegra og mjög ný-
stárlegt efni tekið fyrir í

þeim og kom það ráðstefnugestum á óvart. Ráðstefnan hafði að því leyti skemmtilegt yfirbragð“, segir Jón Páll. Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra setti ráðstefnuna og hann bauð einnig til móttöku í Sjóminjasafninu að henni lokinni. Ráðstefnan var með alþýðlegu sniði og m.a. flutti ísfirski rithöfundurinn Rúnar Helgi Vignisson erindi sem bar heitið „Af ósýnilegum mönnum – Sjómaðurinn í

íslenskum skáldskap“. Þá flutti Unnur Dís Skaptadóttir mannfræðingur erindið „Af ánægju út að eyrum, hver einasta kerling hló“ og fjallaði það um líf, störf og þankagang sjómannskonunnar fyrir á tímum. Einnig var málfar og tungutak sjómanna tekið fyrir, sjómenn og hjátrú, og sjómennska í dægurlögum. Þá spiluðu Villi Valli og Magnús Reynir sjómannaög fyrir ráðstefnugesti. – *gudrun@bb.is*



Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra setti ráðstefnuna.



Um 80 manns mættu á ráðstefnuna. Framst má sjá Ólaf B. Halldórsson, Unni Dís Skaptadóttur og Jón Þ. Þór sem öll fluttu erindi.



Villi Valli og Magnús Reynir spiluðu sjómannaög fyrir ráðstefnugesti

Heimavist Menntaskólans á Ísafirði endurbætt

Ný verknámsaðstaða kynnt

Formleg opnun og kynning á nýrri verknámsaðstöðu og endurbótum á húsakynnum heimavistar Menntaskólans á Ísafirði fór fram í síðustu viku. Á jarðhæð SV-álmu hafa verið útbúið tíu rúmgóð og vel búin eins til tveggja manna herbergi með snyrtingu. Eru þau mikil og vel þegin bót á húsnaði heimavistar þar sem á þriðja tug menntskælinga eiga heimili yfir vetrartímann að jafnaði. Í kjallara hefur verið innréttuð verknámsaðstaða fyrir nýja húsasmíðabraut sem hleypt var af stokkunum við skólann í haust.


Nú nemendur hafa í vetur stundað nám á húsasmíðabrautinni í umsjón Þrastar Jóhannessonar, húsasmíðameistara og verkmennta-

kennara við skólann. Með hinni nýju húsasmíðabraut hefur skólinn fengið leyfi til þess að útskrifa nemendur með sveinspróf í húsasmíðum og er það merkur áfangi í verknámsögu skólans. Aðrar verklegar greinar við skólann eru kenndar í grunn-
deildum.

Á 100 ára afmæli iðnmenntunar á Ísafirði, sem fagnað var 1. desember síðastliðinn hlotnaðist húsasmíðabrautinni veglegur styrkur til tækjakaupa frá skilanefnd Iðnaðarmannafélags Ísafjarðar. Hana skipa Óskar Eggertsson, rafvirkjameistari, Sæmundur Guðmundsson, málarameistari og Sigríður Björk Guðjónsdóttir, sýslumaður. Tækin hafa þegar verið keypt og tekin í notkun í hinu nýja verkmenntarými.

Fasteignir ríkissjóðs hafa haft yfirmun með endurbótum húsnaðisins en að þeim hafa komið ýmsir verktakar þ.á.m. Ágúst og Flosi, Trésmiðjan í Hnífsdal, Vestfirskir verktakar, Rörtækni, Ásel, GG málningarþjónusta og Straumur auk ýmissa einstakra iðnaðarmanna.

– *thelma@bb.is*



Ólína Þorvarðarsdóttir ávarpaði gesti á kynningu á nýrri verknámsaðstöðu og endurbótum á húsakynnum heimavistar Menntaskólans á Ísafirði.



mannlíf

Ábendingar um efni sendist til Thelmu Hjaltdóttur, thelma@bb.is

til Thelmu sími 849 8699

Í dag er miðvikudagurinn 24. maí, 145. dagur ársins 2006

Pennan dag árið 1839 samþykkti bæjarstjórn Reykjavíkur að skylda bæjarbúa til að inna af hendi þegn-skylduvinnu við vegagerð o.fl. Ákvörðun þessi var fell niður sex árum síðar og sérstakur skattur lagður á.

Pennan dag árið 1941 sökk Hood, stærsta herskip heims um 250 sjómílar vestur af Reykjanesi eftir orrustu við þýska herskipið Bismarck. Skipið hafði nokkrum dögum áður haldið frá Hvalfirði. Með Hood fórust 1418 Bretar en þrem var bjargað og voru þeir fluttir til Reykjavíkur. Bismarck var sökkt vestur af Bretlandi þremur dögum síðar.

Pennan dag árið 1973 var haldinn fjölmennasti mót-mælafundur sem haldinn hefur verið í Reykjavík. Um þrjátíu þúsund manns mættu til fundarins. Heimild: Dagur Íslands. Jónas Ragnarsson tók saman.

● Á þessum degi fyrir 27 árum



Kaupir Hótel Flókalund

Alþýðusamband Vestfjarða hefur keypt Hótel Flókalund af ferðamálasjóði og ætlað að reka þar greiða- og gístisölu og þjónustumiðstöð fyrir orlofshús sambandsins, en í nágrenni Flókalundar er sambandið nú að byggja 15 orlofshús og verða 13 þeirra tekin í notkun í byrjun júní. Í sumar verður Eddu-hótel í Flókalundi sem Ferðaskrifstofa ríkisins sér um rekstur á. Pétur Sigurðsson formaður Alþýðusambands Vestfjarða sagði í samtali við Mbl., að kaupverð Flókalundar væri 70 milljónir króna, en bruna-bótamat á húsi og innbúi er um 130 milljónir. Skammt frá hótelinu, utan við ána Pennu, eru að rísa 15 orlofshús og sagði Pétur að á því svæði, sem nú er byggt á, væri ætlunin að reisa 30 hús.

● Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Hæg austlæg eða breytileg átt. Skúrir S- og V-lands, en léttskýjað á NA- og A-landi. Hiti 3 til 10 stig.

Horfur á laugardag:

Hæg austlæg eða breytileg átt. Skúrir S- og V-lands, en léttskýjað á NA- og A-landi. Hiti 3 til 10 stig.

Horfur á sunnudag:

Norðvestlæg átt og smáskúrir, en bjartviðri A-lands. Hiti 3 til 12 stig, hlýjast á SA- og Austurlandi.

Horfur á mánudag:

Norðlæg átt og súld fyrir norðan, en léttskýjað syðra.

● Spurning vikunnar

Var rétt að senda Silvíu nótt til keppni í Júróvisjón fyrir Íslands hönd?

Alls svöruðu 1207. – Já sögðu 514 eða 43% – Nei sögðu 618 eða 51% – Hlutlausir voru 75 eða 6%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

● Hvað er að fréttá? • Ásdís Svava Hallgrímsdóttir, Ísfirðingur og þátttakandi í Ungfrú Ísland 2006

Skemmtilegur tími

„Keppnin leggst bara mjög vel í mig. Undirbúningstíminn hefur verið strembin og sérstaklega frá því að æfingarnar byrjuðu á Broadway. Það er nóg að gera, t.d. þarf að fara í ræktina, trimmform, spá í kjólinn og fara í klippingu. Mikið sem maður þarf að púsla saman og svo erum við margar líka í prófum núna. Það verður örugglega mikið spennufall þegar þessu er lok-ið. Þetta er samt búið að vera svo skemmtilegt. Svo fer ég að vinna í Glitni á Suðurlandsbraut í sumar. Það var ótrúlega gaman að leika í Erninum. Ég hafði ekki hugsað mér að verða leikari en ef mér býðist annað hlutverk myndi ég ekki hika við að taka því. Ég var líka í myndatöku fyrir Hagkaupsbæklinginn, það var mjög skemmtilegt. Ég væri alveg til í að fá fleiri tilboð um auglýsingar. Fín laun, skemmtileg vinna og gott að fá svona í reynslubankann. Ég er á 3. ári í Verzlunarskólanum og á því eitt ár eftir. Ég hugsa að ég taki mér svo ársfrí frá námi, en ég stefni að því að verða lækni, eða þá kannski hagfræðingur. Það kemur bara í ljós.“



Vestfirsk fegurð

Fegurðarsamkeppnir hafa notið mikilla vinsælda en hafa einnig hlotið mikla gagnrýni fyrir að auka á útlitsdýrkun þjóðfélagsins. Óhætt er að segja að allir hafi skoðanir á fegurðarsamkeppnum og flestir séu spenntir að komast að því hvaða fljóð er talið vera

fegurst eða hvaða karlmaður beri af í útliti og framkomu. Þá er það sérstaklega spennandi að fylgjast með keppendum sinnar heimabyggðar. Vestfirðingar hafa í gegnum tíðina átt marga fulltrúa sem allir hafa sómt sér vel í þessum keppnum.

Ægir Örn Valgeirsson frá Ísafirði • Herra Ísland 1999

Eykur sjálfstraust að taka þátt í fegurðarsamkeppni

– Hver er helsta ástæða þess að þú tókst þátt í fegurðarsamkeppni?

„Til að prófa eitthvað nýtt, það er alltaf gaman að prófa nýja hluti.“

– Fegurðarsamkeppnir hafa verið umdeildar í gegnum tíðina, hvaða skoðun hefur þú á fegurðarsamkeppnum?

„Það er gott fyrir hvern sem er að taka þátt í svona samkeppni, engin spurning. Gott upp á framkomuna og sjálfs-traustið að gera.“

– Hvað stendur upp úr þátttöku þinni?

„Að læra að koma fram fyrir helling af fólki. Þetta hefur mikið með samskipti að gera og að brjóta niður þennan múr af feimni sem hrjáir svo marga.“

– Hvað fannst þér erfiðast við að taka þátt?

„Mér fannst ekki neitt vera erfitt við það. Ég get ekki nefnt neitt.“

– Ertu ánægður með að hafa tekið þátt?

„Já, ég skammast mín ekkert fyrir það.“

– Hvað finnst þér um að ekki var haldin keppni á Vestfjörðum í ár?

„Þar sem þetta er jákvætt fyrir alla sem vilja prófa til að auka sjálfstraustið þá finnst mér að keppnin ætti að vera haldin ef mögulegt er að finna nógu marga keppendur.“

– Hefurðu starfað við módelstörf eða eitthvað annað tengt fegurðarsamkeppnum síðan?

„Það er bara eitthvað þínu-lítið.“



Nafn: Ægir Örn Valgeirsson • Aldur: 30
Starf: Við sjávarútvegsrekstur í landi
Stjórnumerki: Steingeit • Áhugamál: Fjölskyldan, hún er eiginlega mitt helsta áhugamál
Ef þú fengir eina ósk, hver yrði hún?
Að fjölskyldan dafni vel í framtíðinni.

Guðrún Astrid Elvarsdóttir frá Súðavík • Fegurðardrottning Vestfjarða 1996

Ætti að hækka lágmarksaldurinn

– Hver er helsta ástæða þess að þú tókst þátt í fegurðarsamkeppni?

„Til að hafa gaman af því og upp á félagsskapinn.“

– Fegurðarsamkeppnir hafa verið umdeildar í gegnum tíðina, hvaða skoðun hefur þú á fegurðarsamkeppnum?

„Mér finnst þetta mjög sniðugt og ekkert slæmt um þær að segja. En mér finnst þó að það ætti hækka lágmarksaldurinn. 18 ára stelpur hafa að mínu mati ekki þroska í þetta.“

– Hvað stendur upp úr þátttöku þinni í fegurðarsamkeppni Vestfjarða og

Ungfrú Ísland?

„Minningin um allt ferlið stendur upp úr. Þetta var mjög gaman, ég kynntist nýju fólki og öðlaðist nýja reynslu.“

– Hvað fannst þér erfiðast við að taka þátt?

„Ég fór ein í keppnina um Ungfrú Íslands og fannst það erfiðast. Yfirleitt eru sendar tvær og jafnvel fleiri frá hverju því að fara ein.“

– Ertu ánægð með að hafa tekið þátt?

„Já og nei. Jú, ég er ánægð með það, mér fannst þetta mjög gaman upp að vissu marki.“

– Hvað finnst þér um að ekki var haldin keppni á Vestfjörðum í ár?

„Voðaleiðinlegt. Ég myndi vilja að hún yrði haldin á hverju ári ef hægt væri.“

– Hefurðu starfað við módelstörf eða e-ð annað tengt fegurðarsamkeppnum síðan?

„Nei, fékk nóg af því í keppninni sjálfri.“

Nafn: Guðrún Astrid Elvarsdóttir
Aldur: 28


Starf: Verslunarstjóri
Stjórnumerki: Ljón

Áhugamál: Hestar, hundar ferðalög og fólk
Ef þú fengir eina ósk, hver yrði hún? Að verða rík.



● **Borgin mín** · Sólveig Prastardóttir, Önfirðingur og viðskiptafræðingur

Kaupmannahöfn er mín borg



„Uppáhaldsborgin mín er Köben. Það er svo notalegt að vera þar, fólkið vingjarnlegt og tekur vel móti manni. Ekki spillir heldur fyrir að ég á góða vini sem eru búsettir þar. Ég hef komið þangað þrisvar sinnum og alltaf finnst mér jafn gaman. Síðast fór ég þangað í nóvember með Grétari manninum mínum og vinnufélögum á árshátíð fyrirtækisins sem hann vinnur fyrir. Þá var frekar kalt í veðri en það skipti engu því stemningin í hópnum var góð og bjargaði öllu. Við fórum í skipulagðan göngutúr með leiðsögn sem var mjög skemmtilegur. Ekki síðri var skipulagða kráarferðin sem við hjónin fórum í með vinkonum mínum. Næsta ferð hefur ekki verið ákveðin ennþá en það verður vonandi sem fyrst.“

Hjördís Eva Ólafsdóttir frá Hnífsdal · Fegurðardrottning Vestfjarða 2000

Mikill agi og skipulag

– Hver var helsta ástæða þess að þú tókst þátt í fegurðarsamkeppni?

„Það var engin sérstök ástæða þannig lagað. Ég var beðin og langaði á þeim tíma að taka þátt.“

– Fegurðarsamkeppnir hafa verið umdeildar í gegnum tíðina, hvaða skoðun hefur þú á fegurðarsamkeppnum?

„Ég hef skiptar skoðanir, það fer eftir hverjum og einum einstakling sem tekur þátt. Keppnin á Ísafirði fannst mér mjög góð og vel haldið utan um hana. Ég var mjög nánin hinum stelpunum á meðan á keppninni stóð og eftir hana. Þegar ég fór svo suður þá var öðruvísi viðhorf þar. Það var meiri keppni og meiri alvara.“

– Hvað stendur upp úr reynslunni?

„Þetta var rosa gaman, að

kynnast stelpunum. Þetta var líka mikill agi og skipulag.“

– Hvað fannst þér erfiðast við að taka þátt?

„Það var ekkert eitt sem mér fannst erfiðast.“

– Ertu ánægð með að hafa tekið þátt?

„Já já, þetta var eitthvað sem ég valdi mér á þessum tíma og ég er alveg sátt við það.“

– Hvað finnst þér um að ekki var haldin keppni á Vestfjörðum í ár?

„Þetta er svo lítið samfélag fyrir vestan. Mér finnst ekki vera þörf á því að halda keppnina árlega og finnst ekki endilega þurfa að stíla inná annað hvort ár heldur.“

– Hefurðu starfað við módelstörf eða e-ð annað tengt fegurðarsamkeppnum síðan?

„Nei, ég sá að þetta átti ekki við mig.“



Nafn: Hjördís Eva Ólafsdóttir
Aldur: 25 ára
Starf: Er með BA í tónlist og er að klára kennsluréttindin
Stjörnumerkir: Ljón
Áhugamál: Margvísleg, m.a. fjölskyldan, íþróttir, útivist og píanóið
Ef þú fengir eina ósk, hver yrði hún? Að vera heilsuþraust og lifa hamingjusöm til æviloka með fjölskyldu minni.



● **Leikfélagið Hallvarður súgandi**

Himnaríki á fjallirnar

Leikfélagið Hallvarður Sugasandi mun setja upp gamanleikritið Himnaríki eftir Árna Þórsen í sumar. Ráðinn hefur verið leikstjóri en það er Rúnar Guðbrandsson. Himnaríki er farsí sem fjallar um þrenn þör á þrítugsaldri sem dvelja eina helgi í sumarbústað sem endar í svalli og ýmis mál koma upp á yfirborðið. Rúnar hefur leikstýrt fjölda leiksýninga hérlandis og erlendis og fengist við leiklistarkennslu og þjálfun leikara en hans er ef til vill skemmtast að minnast fyrir hlutverk sitt sem Björn í sjónvarpsmyndinni Allir litir hafsins eru kaldir. Leikfélagið mun nú hefja leit að leikurum í hlutverk á aldrinum 20 til 40 ára. Áhugasömum er bent á að hægt er að hafa samband við Ernu Guðmundsdóttur í síma 661-2902 eða Unnar Þór Reynisson í síma 861-8966 en einnig verður hægt að mæta beint í samlestur sem verður auglýstur síðar.

Margrét Magnúsdóttir frá Öfundarfirði · Fegurðardrottning Vestfjarða 2004

Hugarfarið er mikilvægt

– Hver var helsta ástæða þess að þú tókst þátt í fegurðarsamkeppni?

„Ég sá bara kjörið tækifæri til að koma mér í form og hitta nýtt fólk.“

– Fegurðarsamkeppnir hafa verið umdeildar í gegnum tíðina, hvaða skoðun hefur þú á fegurðarsamkeppnum?

„Hugarfarar keppenda er mikilvægt. Það getur haft neikvæð áhrif ef keppandi er ekki með rétta sjálfsmynd þegar tekið er þátt. Ef maður tekur þessu með léttu geði þá getur þetta verið mjög skemmtilegt.“

– Hvað stendur upp úr reynslunni?

„Bara reynslan, og að hafa gengið í gegnum þetta allt.“

– Hvað fannst þér erfið-

ast við að taka þátt?

„Erfiðast var að vera ekki heima, sérstaklega þegar ég fór í Ungfrú Ísland. Ég var líka á fullu í prófum þannig að þetta var auka álag.“

– Ertu ánægð með að hafa tekið þátt?

„Já, þetta er reynsla sem ég hefði ekki viljað missa af.“

– Hvað finnst þér um að ekki var haldin keppni á Vestfjörðum í ár?

„Ef það fékkst ekki næg þátttaka þá er það bara eðlilegt. Mér finnst alveg nóg að halda keppnina á tveggja ára fresti.“

– Hefurðu starfað við módelstörf eða e-ð annað tengt fegurðarsamkeppnum síðan?

„Ég hef aðallega tekið þátt í tískusýningum. Konur sem



Nafn: Margrét Magnúsdóttir
Aldur: 22 ára
Starf: Nemi í Háskólanum í Reykjavík
Stjörnumerkir: Fiskur
Áhugamál: Að vera á meðal fólks, hreyfing og skólinn
Ef þú fengir eina ósk, hver yrði hún? Að ná markmiðum mínum
sáu um dansatriðin í Ungfrú Ísland hringja stundum í mig og biðja mig um að taka þátt í slíku.“

● **Brennslan mín** · Svavar Knútur Kristinsson, Vest- og Skagfirðingur, blaðamaður á Morgunblaðinu og söngvari hljómsveitarinnar Hraun

Ein flottasta tónsmíð seinni tíma

1. Salt - Mugison

Kannski er það klisja að nefna Ödda í þessu samhengi, en Salt er eitt af fallægustu lögum sem ég hef heyrt. Það er angurvært, ógleymanlegt og harmrænt um leið og það hefur svo sterka vísun í sjóinn að mann langar hreinlega að leggjast í fjöruna og láta flæða yfir sig.

2. We haven't turned around - Gomez

Hljómsveitin Gomez hefur frá upphafi verið ótrúlega skemmtileg uppspretta innblásturs fyrir mig og þetta lag er eitt af þeim sem láta mig klökkna vegna þess að það er svo flott. Það er eitthvað svo afslappað við þessa gaura og þeir eru ótrúlega lifandi og gefandi tónlistarmenn.

3. Lions - Chavez

Hljómsveitirnar Chavez og Komeda hoppuðu báðar inn í líf mitt sama kvöldið árið 1996. Ég var að horfa á Alternative Nation þegar ég sá myndböndin Break up your band með Chavez og Rocket Plane með Komeda saman í röð. Ég fékk hreinlega gæðahúð af því hvað ég fílaði húmorinn en um leið

snilldina í músikinni hjá þessum tveimur ólíku böndum. Lions er lag af seinni plötu Chavez, Ride the Fader, og er ein flottasta tónsmíð seinni tíma að mínu mati.

4. Stjarna - Komeda

Komeda er ein af fáum hljómsveitum sem ég þekki sem geta látið 7/8 takt hljóma algjörlega áreynslulausan og dansvænan. Ég heillaðist af þessu textalauslagi sem er bara sungið daramm daramm daramm. Lagið er af fyrstu plötu hljómsveitarinnar „Pop på svenska“. Plötur Komeda eru hver annarri betri, fullar af skemmtilegum tilbrigðum og uppfinningum í tónlist.

5. Wolf among wolves - Will Oldham

Platan Master and everyone finnst mér með mestu snilldarverkum Will Oldham eða Bonnie Prince Billy eins og hann er líka kallaður. Það eru nokkrir menn sem láta mig langa til að hætta að vera tónlistarmaður, því ég mun aldrei geta náð eins mikilli dýpt eða fegurð. Oldham er einn af þeim og Wolf among wolves tjáir ótrúlega margt sem maður upplifir oft sjálfur.

6. Við viljum betri heim - Öðmenn

Öðmenn voru snillingar á sínum tíma og þegar við fluttum Poppleikinn Óla II með Leikfélagi MH á sínum tíma kynntumst við verkum þessarar snilldarhljómsveitar, sem hefði mátt gefa mun meira út. „Hvers vegna getur mannskepnan aldrei lært af þeim mörgu mannförnum sem hún hefur fært?“

7. Animal Nitrate - Suede

Ég „yfirgef“ foreldra mína fimmtán ára og fór í skóla í Reykjavík. Ég held að það hafi verið heimskulegasta ákvörðun ævi minnar. Á nóttunni nóttraði ég stundum af vanlíðan og var gráti nær, en á útvarpsstöðinni Útrás voru tveir rugludallar sem sátu næturvaktina í menntaskólaútlitunum, spilðu Suede og fluttu asnalegt ljóð með undarlegum tilgerðarlegum ljóðaröddum. Þeir björguðu held ég geðheilsu minni og ég vildi að ég gæti þakkað þeim einhvern veginn fyrir það.

8. Falling man - Blonde Redhead

Ég kynntist Blonde Redhead lítið fyrr en ég hlustaði aðeins á þá fyrir tónleika í Austurbæ fyrir nokkru. Það var stórkost-



Svavar Knútur Kristinsson.
Ljós: Mbl / Kristinn Ingvarsson.

leg upplifun og þessi hljómsveit brenndi sig inn hjá mér. Ánægður með þetta band, skemmtileg og þétt og brjálæðislega hugmyndarík.

9. Take you on a cruise - Interpol

Interpol datt ofan í mig við ótrúlegustu aðstæður. Ég var að hlusta á útvarpið. Platan Antics er búin að vera á og af í blessuðum Ipodinum mínum lengi, en það er held ég ein besta fjárfesting sem ég hef farið í. Take you on a cruise er lag sem tekur gríðarlega stórar og fjölvíðar tilfinningar, þakkar þeim saman og sprengir út í ótrúlega flottu risi. Mæli bara með þessu lagi, eindregið.

10. Do not as I do - Hanne

Hukkelberg

Dr. Gunni benti einhvern tíma á lagið Little girl með norsku djass/poppsöngkonunni Hanne Hukkelberg. Ég féll algerlega fyrir stelpunni og rakst síðan á plötuna Little things með henni. Brilljant plata þar sem Hanne notar allt sem henni dettur í hug til að skapa ævintýralegan hljóðheim.

Ég vona að einhver fli eitthvað af þessum lögum og kynni sér þessa músík. Svo vil ég bara þakka fyrir okkur Hraunmenn fyrir dásamlega tónleika á Langa Manga. Það var ein besta tónleikaupplifun okkar til þessa og bara frábært að fá tækifæri til að skapa tónlist í svona nánu umhverfi.

● **Stuttar fréttir**

Þrír fengu styrki

Sex umsóknir um umhverfisstyrki bárust umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar í ár en þrír fengu styrk. Sjávarporpið Suðureyri sótti um styrk að upphæð 831.000 krónur en fékk 250.000 króna styrk. Lísbet Harðardóttir sótti um að fá 635.000-965.000 króna styrk en fékk 350.000 krónur. Guðrún Pálsdóttir sótti um styrk að ótilgreindri upphæð og fékk 100.000 krónur. Auk þess sótti Skógræktarfélag Ísafjarðar um 500.000 króna styrk, Skógræktarfélag Dýrafjarðar um 330.000 króna styrk og Sæfari sótti um styrk að ótilgreindri upphæð.

Sameining í boltanum

Boltafélag Ísafjarðar og knattspyrnudeild UMFB hafa sameinast og tefla nú fram meistaraflokkum hjá bæði konum og körlum. Fyrsti leikur hins sameinada meistaraflökks karla BÍ/Bolungarvíkur var gegn Hvíta riddaranum á Torfnesvelli á laugardag.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINN BESTI

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk

bb.is – fjölsóttasti vestfirski vefurinn



D-listinn hvetur alla til að mæta á kjörstað

Sinueldur í Hnífsdal

Um hádegi á þriðjudag í síðustu viku fékk lögreglan á Ísafirði tilkynningu sinueld skammt norðan við félagsheimilið í Hnífsdal. Slökkvilið og lögregla fór á vettvang og var eldurinn slökktur. Ljóst þykir að eldurinn hafi verið kveiktur af mannavöldum, en ekki er ljóst hver var þar að verki. Foreldrar eru hvattir til að ræða við börn sín, hættuna sem af fíkti með eld getur haft í för með sér.

Um helgina upplýstist að tveir ungir drengir hafi brotið rúður í gæsluhúsinu á rólúvellinum við Eyrargötu. Drengirnir gerðu hreint fyrir sínum dyrum gagnvart lögreglu og foreldrum.

Hraðakstur í Önundarfirði

Á laugardag mældi lögreglan tveir bifreiðar á 149 km. hraða á Flateyrarvegi, skammt frá bænum Hvilft. Um var að ræða tvo ökumenn sem mega búast við háum sektum og ökuleyfis sviptingu vegna þessa. Grunur leikur á að þarna hafi verið um að ræða kappakstur.

Aðfaranótt laugardags mun hafa verið ekið utan í mannlausu bifreið á bílastæði á Hafnarstræti. Sá er áreksstrinum olli mun hafa ekið af vettvangi án þess að gera lögreglu eða eiganda viðvart.

Alls voru sjö ökumenn kærðir í líðinni viku fyrir að aka yfir leyfilegum hámarkshraða.

Shiran hættur hjá Aðlöðun

Stjórn Aðlöðunar hf. hefur náð samkomulagi við framkvæmdastjóra fyrirtækisins Neil Shiran Þórisson um starfslok hjá fyrirtækinu.

„Neil Shiran Þórisson hafði hug á að snúa sér að öðrum verkefnum og vildi fyrirtækið ekki standa í vegi fyrir þeim tækifærum, báðir aðilar náðu ásettanlegu samkomulagi um starfslok og mun framkvæmdastjóri klára ákveðin sérverkefni fyrir félagið,“ segir í tilkynningu frá stjórn fyrirtækisins.



Skrifað var undir samning milli Ísafjarðarbæjar og Edinborgarhússins ehf um menningarhús á Ísafirði fyrir helgina.

Ísafjarðarbær veitir stofnstyrk til endurbyggingar Edinborgarhússins

Fulltrúar Ísafjarðarbæjar og Edinborgarhússins ehf. undirrituðu samning um menningarhús á Ísafirði við fornlega athöfn á föstudag. Í samningnum felst að Ísafjarðarbær muni veita félaginu stofnstyrk til

endurbyggingar Edinborgarhússins. Með samningnum, sem hefur verið í vinnslu um nokkurt skeið, er framtíð Edinborgarhússins tryggð. Þá er stefnt að því að framkvæmdum ljúki jafnvel á næsta ári.

Samningurinn byggir á samkomulagi menntamálaráðuneytis og Ísafjarðarbæjar um menningarhús á Ísafirði frá 25. apríl 2003. Í samkomulaginu er fjallað um menningarhúsin þrjú í Ísafjarðarbær,

þ.e. Safnahúsið á Eyrartúni sem í daglegu tali er þekkt sem Gamla sjúkrahúsið, Hamra, tónlistarsal Tónlistarskóla Ísafjarðar sem er til húsa í gamla Húsmæðraskólanum Ósk og Edinborgarhúsið sem er mið-

stöð fjölbreyttrar listastarfssemi. Með samningnum fram-selur Ísafjarðarbær ábyrgð sína samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið til Edinborgarhússins ehf.

– thelma@bb.is

Vilja fá lóðaleigutekjur af höfninni

Uppi eru hugmyndir um að hafnarsjóður Ísafjarðarbæjar fái lóðaleigutekjur af þeim fasteignum og lóðum sem standa á hafnarsvæði, þar sem

hafnarsjóður hefur staðið að uppbyggingu lands með uppdeilingu á efni, greiddar til sín beint. Þetta var rætt á fundi

formanns hafnarstjórnar, hafnarstjóra, bæjarstjóra og formanni bæjarráðs á dögnum.

Í bréfi sem hafnarstjóri, Guðmundur M. Kristjánsson, skrifaði bæjarráði í framhaldi af fundinum segir meðal annars: „Það myndi auðsjáanlega

bæta stöðu hafnarsjóðs að einhverju leyti ef að bæjarstjórn tæki þá ákvörðun að lóðaleigutekjur af lóðum og landi á hafnarsvæðinu færu

beint til hafnarsjóðs. Á núverandi skilgreindu hafnarsvæði eru í gildi leigusamningar, sbr. samningur við olíu-

félögin vegna birgðastöðvar, sem hafnarsjóður er aðili að ásamt bæjarsjóði, en hefur ekki notið tekna af.“

Þá kemur fram að þessi háttur sé hafður á við margar af viðmiðunarhöfnum Ísafjarðarhafnar, og að hafnar-sjóðir almennt hafi haft yfirráð

yfir lóðum á og við hafnirnar og hafi haft af þeim tekjur þegar þeim hefur verið ráðstafað til bygginga eða annara framkvæmda. Málið var rætt

í bæjarráði og fól ráðið fjármálastjóra bæjarins að vinna að málinu í samstarfi við hafnarstjóra.

– eirikur@bb.is

Verksamningar vegna endurbyggingar bensínstöðvarinnar undirritaðir

Á fimmtudag var skrifað undir samninga Olíufélagsins og Vestfirskra verktaka ehf. um endurbyggingu bensínstöðvarinnar á Ísafirði. Guðmundur Tryggvi Sigurðsson deildarstjóri fasteigna- og framkvæmdadeildar Olíufélagsins kom vestur til að skrifa undir fyrir hönd félagsins. Framkvæmdir við endurbygginguna hófust í þarsíðustu viku og áætlað er að þeim ljúki fyrir sumarlok.

Bensínstöðina á að stækka í um 200 m² og færa hana í nútímalegt horf. Allar dælar

verða endurnýjaðar, sjálfsali settur upp og skyggni reist yfir dælurnar. Olíufélagið stefnir á að stöðin verði í fremstu röð á sviði umhverfismála og þjónustustig og vörurval verður aukið.

Bráðabirgðastöð kom vestur í síðustu viku og þjónar hún viðskiptavinum þar til nýjar dælar verða komnar upp.

– gudrun@bb.is

Hermann Þorsteinsson hjá Vestfirskum verktökum ehf. og Guðmundur Tryggvi Sigurðsson hjá Olíufélaginu skrifa undir verksamninginn.

